



Alþjóðlegar ættleiðingar og siðferðileg álitamál

Telma Hlín Helgadóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþjóðlegar ættleiðingar og siðferðileg álitamál

Telma Hlín Helgadóttir
150585-3099

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarmaður: Anni G. Haugen

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Telma Hlín Helgadóttir 2013

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Í þessari heimildarritgerð verður fjallað um alþjóðlegar ættleiðingar og ástæður þess að börnum eru fundin heimili í öðru landi en þau fæðast í og hvaða skýringar liggja þar að baki. Einnig verður gerð grein fyrir siðferðilegum álitamálum sem tengjast alþjóðlegum ættleiðingum.

Niðurstaða ritgerðarinnar er sú að meginástæður fyrir alþjóðlegri ættleiðingu barna eru fjölþættar en þær helstu eru fátækt, ríkjandi óskir og viðhorf í upprunaríkjum um að eignast sveinbörn, ójöfnuður á milli uppruna- og viðtökuríkja og mismunun einstaklinga vegna kyns eða stöðu. Börn eru einnig gefin til ættleiðinga af kynforeldrum sem vilja tryggja börnum sínum möguleika á betri framtíð en þau sjá fram á að geta boðið þeim sjálf. Helstu siðferðilegu álitamál er tengjast alþjóðlegum ættleiðingum er að stór hluti þeirra barna sem eru alþjóðlega ættleidd eiga foreldra á lífi og hefur verið hafnað við fæðingu vegna kynferðis eða stöðu. Upp hafa komið mál þar sem viðskiptalegir hagsmunir virðast hafa verið látnir ráða för og ekki farið að lögum og alþjóðasamningum. Alþjóðlegar ættleiðingar hafa einnig verið bitbein á vettvangi alþjóðastjórn mála. Þau siðferðilegu álitamál sem upp hafa komið sýna fram á mikilvægi þess að vel og faglega sé staðið að alþjóðlegum ættleiðingum og að hagsmunir barna skulu hafðir í forgrunni.

Lykilorð: Alþjóðlegar ættleiðingar, börn, siðferði, fátækt, mismunun, félagslegt réttlæti

Þakkarorð

Heimildarritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Umsjónarmaður og leiðbeinandi verkefnisins, Anni G. Haugen, fær mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og góðar ráðleggingar. Einnig vil ég þakka mínum nánustu fyrir óþrjótandi hvatningu og stuðning í náminu.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Inngangur.....	5
1. Alþjóðlegar ættleiðingar	7
1.1 Skilgreiningar	8
1.2 Stefnur og straumar	9
2. Réttindi barna, alþjóðlegir samningar og lög um ættleiðingar á Íslandi	13
2.1 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins	13
2.1.1 UNICEF – Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna.....	14
2.2 Haagsamningurinn um vernd barna	15
2.3 Lög um ættleiðingar nr. 130/1999	16
3. Gagnrýni á alþjóðlegar ættleiðingar	17
3.1 Arðrán eða bjargráð	17
3.2 Viðbrögð við gagnrýni	18
3.2.1 Suður-Kórea	18
3.2.2 Rúmenía	18
3.2.3 Indland.....	19
3.2.4 Rússland	19
3.3 Gagnrýni - samantekt	19
4. Siðferðiskenningar	21
4.1 Kenning Rawls um réttlæti	21
4.2 Hugarfarskenningar.....	22
4.3 Menningarleg afstæðishyggja.....	23
4.4 Siðferði án hroka	24
5. Siðferðileg álitaefni	26
5.1 Frá Grænlandi til Danmerkur	27
5.2 Frá Finnlandi til Svíþjóðar	27
5.3 Masho frá Eþíópíu	27
6. Hvaðan koma börnin?	30
6.1 Fátækt.....	30
6.2 Mismunun byggð á kynferði eða stöðu.....	32

7. Félagsráðgjafar og alþjóðlegar ættleiðingar	34
8. Niðurstöður.....	36
Umræður	40
Heimildaskrá.....	44

Inngangur

Alþjóðlegar ættleiðingar voru ekki algengar fyrir seinni heimsstyrjöldina. Eftir átökin var fjöldi munaðarlausra barna frá Grikklandi, Japan og Þýskalandi sendur til Bandaríkjanna þar sem ættingjar í heimalandinu höfðu ekki tök á að fóstura þau vegna fátæktar, félagslegra aðstæðna eða þeirra naut ekki við. Þar sem þessi gerð ættleiðinga var áður næstum óþekkt fyrirbæri var ekki búið að setja nauðsynleg lög til að tryggja rétt barnanna. Þróun í lagasetningu var fljótlega í þá átt að tryggja ættleiddum börnum sömu lagalegu réttindi eins og um væri að ræða eigin börn kjörforeldranna. Áður hafði verið á reiki hver lagaleg staða ættleiddu barnanna væri og með skýrari lagasetningu var þessari óvissu eytt (Altstein og Simon, 1991; United Nations, 2009). Fjöldi alþjóðlegra ættleiðinga hefur farið vaxandi frá níunda áratug síðustu aldar úr því að vera um 20 þúsund ættleiðingar á ári en árið 2005 voru þær orðnar um 40 þúsund (United Nations, 2009).

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvaða ástæður liggja að baki því að umkomulausum og/eða vandalausum börnum eru fundin heimili í öðru landi en þau fæðast í?
2. Hver eru helstu siðferðilegu álitaefnin sem tengjast alþjóðlegum ættleiðingum?

Mér hefur verið hugleikið að skoða hvaðan börn koma sem eru alþjóðlega ættleidd og hvaða ástæður liggja að baki því að þau eru ættleidd frá landinu sem þau fæðast í. Fjölmörg siðferðileg álitamál tengjast ættleiðingum og að mínu mati hefur umræða um þau ekki verið áberandi. Ég er ótengd efnisvalinu að því leyti að ég er ekki ættleidd, ekki í ættleiðingar hugleiðingum og ekki nátengd neinum sem hefur eða áætla að ættleiða barn frá öðru landi. Ég hef því engra hagsmuna að gæta og sú staða ætti að auðvelda mér að skoða efnið á hlutlausan hátt. Ég ætla mér að nálgast viðfangsefnið með velferð barnanna í huga.

Ritgerðinni er skipt upp í níu meginkafla. Fyrst verður farið yfir skilgreiningar á hugtökum tengdum ættleiðingum og þróun alþjóðlegra ættleiðinga í gegnum árin. Í öðrum kafla verður farið í alþjóðlega samninga og lög sem tengjast ættleiðingum og réttindum barna. Þriðji kafla fjallar um gagnrýni á alþjóðlegar ættleiðingar og viðbrögð landa við gagnrýni. Í fjórða kafla verður greint frá kenningum um siðfræði sem tengjast ættleiðingu og

í fimmta kafla verða siðferðileg álitamál skoðuð. Í sjötta kafla verður greint frá aðstæðum í upprunaríkjum og tvo veigamikla þætti sem hafa áhrif á ættleiðingar, fátækt og mismunun. Sjöundi kafli fjallar um hlutverk félagsráðgjafa í ferli ættleiðinga og mikilvægi faglegra vinnubragða. Í áttunda kafla er rannsóknarspurningunum svarað og greint frá niðurstöðum. Að lokum í níunda kafla eru helstu niðurstöður ræddar og farið yfir spurningar sem hafa vaknað.

Við ritgerðarsmíðina var stuðst við fræðigreinar, skýrslur, lög og alþjóðasamninga, rannsóknir sem gerðar hafa verið á sviðinu og bækur sem meðal annars eru notaðar við kennslu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Einnig voru heimildir sóttar af veraldarvefnum og notast við munnlegar heimildir vegna skorts á ákveðnum heimildum hér á landi.

1. Alþjóðlegar ættleiðingar

Stór hluti ungs fólks á Vesturlöndum sér fyrir sér að stofna fjölskyldu og eignast börn en ófrjósemi hefur aukist þar síðustu áratugi. Einstaklingar sem glíma við ófrjósemi geta reynt að eignast barn með aðstoð tæknifrjógungunar en ef ekki næst tilætlaður árangur eru ekki mörg úrræði sem standa eftir til boða. Ættleiðing er eitt þeirra úrræða. Innlendar ættleiðingar eru ekki algengar á Vesturlöndum vegna skorts á börnum til að ættleiða og þar af leiðandi stendur alþjóðleg ættleiðing í raun ein eftir (Howell, 2006; Selman, 2002). Ef ættleiðing gengur ekki eftir er möguleiki á að einstaklingar geti tekið börn í fóstur. Það má því segja að óskaröð foreldra sé fyrst börn getin á hefðbundinn hátt, svo þau sem eru getin með aðstoð tæknifrjógungunar, því næst ættleidd og að lokum fósturbörn. Hafa ber hugfast að við ættleiðingu er markmiðið að leita að kjörforeldrum fyrir barn en ekki að barni fyrir kjörforeldra. Ættleiðing á barni getur verið úrræði sem uppfyllir bæði þörf kjörforeldra fyrir að eignast barn sem er nú þegar til í heiminum og þörf umkomulauss barns sem fær heimili og fjölskyldu sem það naut ekki áður. Þannig uppfyllir ættleiðing þarfir beggja (NOU, 2009). Ættleiðingarfjölskyldan er orðin ein af algengum fjölskyldugerðum nútímans (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Ættleiðingar innan upprunaríkis eiga sér langa sögu. Til eru skriflegar heimildir um þær í elstu ritum mannkynssögunnar sem eru allt að 4 þúsund ára gömul eins og til dæmis í lögum Hammúrabis í Babýlon. Á þeim tíma var ættleiðingarhugtakið ekki til og var talað um að vera tekinn í fóstur eða alast upp hjá vandalausum. Skrifað er um ættleiðingu í Biblíunni og í Róm til forna voru ættleiðingar lagalegt úrræði (Farley, Smith og Boyle, 2006; United Nations, 2009). Í Esterarbók 2:7 í Biblíunni kemur fram að Ester er tekin í fóstur hjá föðurbróður sínum eftir að hún missir báða foreldra sína (Biblían, 2010). Á Íslandi má líta aftur til Sturlungaaldar, en Snorri Sturluson ólst upp hjá vandalausum. Hann var settur í fóstur frá þriggja ára aldri og var sú ráðstöfun hluti af sáttaferli milli föður Snorra og Jóns Loftssonar í Odda (Snorrastofa, e.d.). Þessi gerð fósturs er ekki sama eðlis og ættleiðing eins og hún er skilgreind í dag og óljóst hvað í henni fólst.

Undirliggjandi ástæður fyrir ættleiðingu hafa þróast í gegnum árin. Á fyrri tímum var ættleiðing ein leið til að viðhalda arfleifð fjölskyldunnar og mynda pólitísk sambönd. Það átti meðal annars við í tilfalli Snorra Sturlusonar. Viðhorf til ættleiðinga og ástæður þess að úrræðinu er beitt í dag er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða þörf barna fyrir skilningi,

hlýju og fjölskyldu. Hins vegar er talsverð eftirspurn frá barnlausum einstaklingum sem hafa þörf og þrá til þess að verða foreldrar en geta, sökum ófrjósemi eða annarra þátta, ekki eignast barn (Leeuwen, 1999, United Nations, 2009).

Í dag eru ættleiðingar leyfðar í 173 af 195 ríkjum heimsins og er hlutfall alþjóðlegra ættleiðinga 15% af öllum ættleiðingum. Aðrar ættleiðingar fara fram innan ríkjanna en ekki eru til nákvæmar tölur um heildarfjölda ættleiðinga. Af þeim 173 ríkjum sem leyfa ættleiðingar eru tölfræðilegar upplýsingar um ættleiðingar ekki fyrir hendi frá 57 ríkjum auk þess sem skráning í öðrum ríkjum getur verið ónákvæm. Það er því talið að á árinu 2001 hafi um 240 þúsund börn verið ættleidd á heimsvísu. Af þeim voru 35 þúsund börn ættleidd á milli landa og því mikill meirihluti sem var ættleiddur innan upprunaríkis eða um 205 þúsund börn. Í dag er talið að um 260 þúsund börn séu ættleidd að meðaltali á ári. Athygli vekur að flest börn sem eru ættleidd á milli landa koma frá fimm upprunaríkjum, það eru Kína, Rússland, Kórea, Úkraína og Guatemala. Einnig er áhugavert að þrjú lönd standa upp úr sem viðtökuríki með flestar alþjóðlegar ættleiðingar en það eru Bandaríkin, Frakkland og Spánn. Einnig fer stór hluti alþjóðlegra ættleiddra barna til Kanada, Hollands, Svíþjóðar, Þýskalands og Ítalíu (United Nations, 2009). Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kemur fram að ættleiðingar eigi að vera verndarúrræði barns og skulu aðildarríkin alltaf tryggja að ættleiðing sé barni fyrir bestu. Alþjóðleg ættleiðing er þar engin undantekning (Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights [OHCHR], e.d.-a).

Í þessum kafla verða hugtök tengd ættleiðingum skilgreind og skýrt frá helstu tímabilum í sögu alþjóðlegra ættleiðinga.

1.1 Skilgreiningar

Ýmsar skilgreiningar fylgja hugtakinu ættleiðingu og eru tegundir ættleiðinga mismunandi eftir því hverjar ástæður þeirra eru. Meginflokkar ættleiðinga eru frumættleiðing, stjúpættleiðing og alþjóðleg fjölskylduættleiðing. Hugtakið kjörbarn er stundum notað yfir ættleitt barn og kjörforeldrar yfir þá sem hafa ættleitt barn. Notast verður við þessi hugtök og talað um umsækjendur þegar einstaklingar eru á fyrstu stigum ættleiðingarferlis.

Þegar um stjúpættleiðingu er að ræða er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist eins og kveðið er á um í reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005. Við stjúpættleiðingu haldast lagaleg tengsl barns við foreldri sem það býr hjá og ný lagaleg tengsl myndast við þann sem ættleiðir barnið. Lagaleg

tengsl við kynforeldrið sem barnið býr ekki hjá rofna í kjölfarið. Frumættleiðing er ættleiðing á barni sem er ekki barn eða kjörbarn maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist. Við frumættleiðingu rofna tengsl við upprunafjölskyldu og stofnast til nýrra við fjölskylduna sem ættleiðir (Reglugerð um ættleiðingar, 238/2005). Frumættleiðing getur verið ættleiðing innanlands eða alþjóðleg ættleiðing. Alþjóðlegar ættleiðingar (e. *intercountry, international eða transnational adoption*), eða ættleiðingar milli landa eru af öðrum toga en ættleiðingar barna innanlands. Við alþjóðlega ættleiðingu eru væntanlegir kjörforeldrar búsettir í landi sem kallast viðtökuríki og barnið fæðist í landi sem kallast upprunaríki. Það reynir mjög á samvinnu þessara tveggja ríkja til að ættleiðing geti farið farsællega fram og báðir aðilar einblíni á það sem er barninu fyrir bestu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Ættleiðingar skiptast í veika ættleiðingu (e. *simple eða open adoption*) og sterka ættleiðingu (e. *full adoption*). Hér á landi líkt og á hinum Norðurlöndunum tíðkast sterk ættleiðing en það er þegar barnið myndar ný fjölskyldutengsl við kjörforeldra sína og fyrri tengsl við kynforeldra rofna. Við opna eða veika ættleiðingu myndast ekki eins afgerandi tengsl við nýja fjölskyldu og eins rofna ekki tengsl við kynforeldra eins og við sterka ættleiðingu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

1.2 Stefnur og straumar

Rannsóknir hafa sýnt að áætlanir einstaklinga um lífið innihalda vonir um menntun, traust starf, hjónaband, fjölskyldu og að eignast heilbrigð börn. Sú þróun hefur átt sér stað á Vesturlöndum að einstaklingar huga seinna á lífsleiðinni en áður að hjónabandi og barneignum. Þessi þróun á sér stað einnig hér á landi. Nám, starfsframi og aðrir þættir hafa áhrif á hvenær á lífsleiðinni einstaklingar ákveða að stofna fjölskyldu (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Þessi seinkun barneigna gerir það að verkum að frjósemi minnkar vegna lífaldurs og þar af leiðandi þurfa fleiri að leita sér aðstoðar við ófrjósemi. Eftirspurn eftir börnum til ættleiðingar fer því vaxandi í efnaðri ríkjum. Á sama tíma minnkar framboð á börnum í fátækari ríkjum vegna vaxandi velmegunar, menntunar og breytinga á samfélagslegum viðmiðum (Howell, 2006).

Eins og áður hefur komið fram voru alþjóðlegar ættleiðingar nánast óþekkt fyrirbæri fyrir seinni heimsstyrjöld, en fimm tímabil einkenna þróun alþjóðlegra ættleiðinga. Fyrstu alþjóðlegu ættleiðingarnar voru flestar til Bandaríkjanna í kjölfar átaka og á fyrsta tímabilið

við um þessa þróun. Þau tímabil sem á eftir komu eiga við um ættleiðingar til Vesturlanda (Altstein og Simon, 1991; Selman, 2002). Fyrsta tímabilið hófst í kjölfar seinni heimsstyrjaldar og borgarastyrjaldarinnar í Grikklandi en fjöldi munaðarlausra barna frá Þýskalandi og Grikklandi var fundið heimili í Bandaríkjunum og víðar (Altstein og Simon, 1991). Á sama tíma var stór hópur barna fluttur frá Finnlandi til Svíþjóðar vegna átakanna (Ericsson, 2009). Önnur bylgja kom einnig í kjölfar alþjóðlegra átaka í Kóreu stríðinu sem geisaði á árunum 1950-1953. Sú þriðja einkenndist af ættleiðingum frá Suður-Ameríku sem tóku kipp á árunum 1973-1975. Það tímabil stóð langt fram á níunda áratug tuttugustu aldarinnar og árið 1987 voru ættleiðingar frá Suður-Ameríku um 23% allra ættleiðinga til Bandaríkjanna. Fjórða bylgja alþjóðlegra ættleiðinga hófst við fall járntjaldsins árið 1989 og í kjölfarið var fjöldi barna ættleiddur frá Rúmeníu og öðrum löndum Austur-Evrópu (Altstein og Simon, 1991). Á áttunda áratug síðustu aldar opnaðist sömuleiðis fyrir alþjóðlegar ættleiðingar frá Indlandi og í kjölfarið kom kippur í innlendar ættleiðingar þar í landi (Howell, 2006). Undanfarinn áratug hafa ættleiðingar barna frá Kína verið fyrirferðarmestar og marka þær fimmtu bylgju alþjóðlegra ættleiðinga. Sú þróun er nátengd stefnu stjórnvalda þar í landi um eitt barn á fjölskyldu. Stúlkubörn eru í miklum meirihluta barna sem eru ættleidd frá Kína. Það er bein afleiðing stefnu stjórnvalda og endurspeglar óskir foreldra í Kína um að eignast sveinbörn (Leeuwen, 1999). Á heimsvísu er framboð stúlkubarna mun meira en framboð á drengjum til ættleiðingar. Áhuga vekur að eftirspurn eftir ættleiðingu á stúlkum er sömuleiðis meiri en eftir drengjum. Ástæður fyrir því eru fjölbreyttar og geta verið vegna ríkjandi væntinga, gildismats og skoðana kjörforeldra á því að auðveldara sé að ala upp stúlkur en drengi og að þær séu líklegri til að aðstoða á heimilinu (United Nations, 2009).

Stefna stjórnvalda í Kína um eitt barn á fjölskyldu hefur haft þau áhrif að eftirspurn eftir ættleiðingu innan Kína er lítil sem engin. Sá fjöldi stúlkubarna sem er yfirgefinn ár hvert í Kína eykst vegna óska foreldra um sveinbörn. Þessi þróun mætir þörf sívaxandi hópi barnlausra einstaklinga í efnaðri ríkjum heimsins sem óska eftir að ættleiða (Howell, 2006). Í dag hefur alþjóðlegum ættleiðingum frá Kína aftur á móti fækkað (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Ættleiðingar frá Kína til Íslands drógust mikið saman árið 2006 en það ár voru 13 börn ættleidd frá Kína til Íslands á móti 35 börnum árið áður (Hagstofa Íslands, 2011). Á heimsvísu var heildarfjöldi alþjóðlegra ættleiðinga frá Kína 14.221 árið 2005 en árið 2009 voru þær 5.294 talsins (HCCH, 2010-a). Leiða má líkum að því að aukin velmegun í Kína og fleiri ættleiðingar innanlands hafi haft áhrif til fækkunar. Aukinn þrýstingur barnlausra

einstaklinga á Vesturlöndum, alþjóðleg umræða og innanlands pólitík er einnig talinn hafa haft áhrif á þá stefnu Kína að fækka alþjóðlegum ættleiðingum (Howell, 2006).

Mikill fjöldi fólks í Afríku tapar baráttunni við hungur, alnæmi og aðra sjúkdóma. Afleiðingin er sú að það fækkar í hópi þeirra sem mögulega geta tekið að sér munaðarlaus börn og ábyrgðin fellur því oft á eldri kynslóðir. Frá og með árinu 2011 er talið að um það bil 17,3 milljónir afrískra barna hafi misst annað eða báða foreldra sína úr alnæmi. Hefur faraldurinn haft víðtæk áhrif á fjölskyldumynstur víða og allra mest í álfunni sunnan Sahara (Childinfo, 2012). Alnæmisfaraldurinn hefur því mikil áhrif á líf barna sem mörg hver vantar sárlega heimili. Undanfarin ár hefur þrýstingur á ríki í Afríku farið vaxandi um að auka möguleika á alþjóðlegum ættleiðingum og veita þannig börnum framtíðar heimili (Bartholet, 2005). Viðhorf í hverju landi mótast af menningarlegum hefðum og trúarskoðunum og endurspeglast í ættleiðingartölum (Roby og Shaw, 2006). Hingað til hafa viðhorf til alþjóðlegra ættleiðinga verið neikvæð í mörgum Afríkuríkjum. Alþjóðlegar ættleiðingar barna þaðan hafa því verið fáar og lítill áhugi fyrir því að gefa börn til ættleiðingar (Bartholet, 2005). Um 90% munaðarlausra barna í Afríku sunnan Sahara eru í umsjá ættingja og ekki er óalgengt að ömmur hafi tekið að sér að sjá um nokkurn fjölda barna. Vantrú ríkir á ættleiðingu sem úrræði til bjargar munaðarlausum börnum enda rík hefð fyrir því að stórfjölskyldan taki að sér og ali önn fyrir börnum ættingja sinna ef aðstæður krefjast (Roby og Shaw, 2006). Máltækið það tekur heilt þorp að ala upp barn (*e. it takes a village to raise a child*) er lýsandi fyrir þetta viðhorf. Þess eru dæmi að lög um ættleiðingar séu til í Afríkuríkjum frá nýlendutímum en vegna hefða og gilda reynir ekki á þau. Sem dæmi má nefna að í Mósambík eru í gildi lög um ættleiðingar sem sett voru til að mæta þörfum nýlenduríkjanna um eftirspurn á börnum til ættleiðingar, í þessu tilfelli til Portúgals. Í reynd eru það alla jafna fjölskyldumeðlimir sem sjá um munaðarlaus börn og við barnleysi er brugðist við með því taka að sér börn ættingja (Charnley, 2000).

Ólíkt flestum löndum Evrópu þar sem lítið framboð er af börnum til ættleiðingar innanlands (Selman, 2002), eru ættleiðingar innanlands í Bandaríkjunum mun algengari en alþjóðlegar ættleiðingar. Talið er að um 21 þúsund börn séu ættleidd til Bandaríkjanna á hverju ári en innlendar ættleiðingar eru á bilinu 120-140 þúsund árlega (Howell, 2006). Í Bandaríkjunum eru yngri umsækjendur í betri stöðu til að ættleiða innanlands þar sem ættleiðingarumboðsskrifstofur eru líklegar til að setja þá frammar á biðlista eftir börnum. Umboðsskrifstofurnar eru milliliðir í innlendum ættleiðingum í Bandaríkjunum og því hafa

umsækjendur sem eru eldri, samkynhneigðir og umsækjendur sem eru andlega og/eða líkamlega fatlaðir minni möguleika á að komast í gegnum innlenda ættleiðingarferlið (Leeuwen, 1999). Þessir umsækjendur eiga meiri möguleika á að ættleiða barn frá Kína þar sem lágmarksaldur umsækjenda er 30 ár (CCAA, 2007, Howell, 2006). Ættleiðing frá Kína hentar einnig þeim einstaklingum sem eru ef til vill búnir að missa af tækifærinu til að eignast barn á náttúrulegan hátt. Rétti kínversku barnanna til að alast upp í fjölskylduumhverfi er ekki hægt að fullnægja í heimalandinu. Þörfum barnanna til fjölskyldulífs er því ef til vill betur borgið með því að vera ættleidd til annara landa þar sem ófrjósemi kjörforeldra hamlar þeim að eignast barn á náttúrulegan hátt (Bartholet, 2007).

Heildarfjöldi alþjóðlegra ættleiðinga á heimsvísu hefur aukist undanfarin ár en flest börn sem ættleidd eru á milli landa koma frá ríkjum Asíu og Austur-Evrópu. Í samanburði eru tiltölulega fá börn ættleidd frá ríkjum Suður-Ameríku og Afríku (United Nations, 2009). Teljanleg aukning hefur þó orðið á ættleiðingum frá fáum ríkjum Afríku til dæmis Eþíópíu og Suður-Afríku (NOU, 2009). Börnum sem gefin eru til ættleiðingar fjölgar sömuleiðis í nokkrum löndum Asíu á meðan börnum frá Kína hefur fækkað. Talið er að eftirspurn barnlausra einstaklinga eftir börnum muni halda áfram að fara vaxandi á næstu árum (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Fátækt, átök og sjúkdómar hafa áhrif á alþjóðlegar ættleiðingar en ættleiðingar eru oftast frá fátækari upprunaríkjum til efnaðri viðtökuríkja. Bandaríkin skera sig úr frá hinum Vesturlöndum með fjölda innlendra ættleiðinga þar sem þær eru mun algengari en alþjóðlegar. Athygli vekur að meirihluti ættleiddra barna eru stúlkur.

Hlutverk alþjóðlegra samninga um ættleiðingar er að setja aðildarríkjum vinnuramma auk þess sem lönd setja sér sjálf lög um ættleiðingar en í næsta kafla verður fjallað um réttindi barna, íslenska ættleiðingarlöggjöf og alþjóðlega samninga.

2. Réttindi barna, alþjóðlegir samningar og lög um ættleiðingar á Íslandi

Í alþjóðlegum mannréttindasamningum og yfirlýsingum er börnum tryggð sömu réttindi og fullorðnum. Umfram það er lítið til þess að börn hafa oft ekki mikið um aðstæður sínar að segja og því þurfi að tryggja réttindi þeirra sérstaklega. Þannig var Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948 talin tryggja réttindi barna en áður hafði sérstökum réttindum barna verið gerð skil í Genfaryfirlýsingunni um réttindi barna frá árinu 1924 (Hrefna Friðriksdóttir, 2009; OHCHR, e.d.-a). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var samþykktur árið 1989 og frá árinu 1990 hefur fjöldi ríkja unnið að því að aðlaga og uppfæra löggjöf til að reyna að koma í veg fyrir misnotkun á ættleiðingarúrræðinu. Þó svo að ríki heims reyni að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun eru mansal og sala á börnum ennþá víðtæk vandamál sem koma þarf í veg fyrir að eigi sér stað (United Nations, 2009).

Hér verður fjallað um alþjóðlega samninga og lög er varða réttindi barna og tengjast alþjóðlegum ættleiðingum. Þeir eru samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og valfrjáls bókun innan hans um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám. Jafnframt verður fjallað um starf UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar á milli landa, og um lög um ættleiðingar nr. 130/1999.

2.1 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Árið 1979 var ár barnsins og eftir rúm tíu ár í vinnslu var Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins [Barnasáttmálinn] samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 20. nóvember 1989. Barnasáttmálinn öðlaðist gildi á Íslandi 27. nóvember árið 1992 (Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Í samningnum er skilgreining á barni eftirfarandi, einstaklingur sem hefur ekki náð 18 ára aldri og á það við um öll börn nema ef lögræðisaldri í ríki er náð fyrr. Í sjöundu grein samningsins kemur fram að börn eigi þegar eftir fæðingu rétt á nafni, ríkisfangi og eins og mögulegt er að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Í áttundu grein skuldbinda ríkin sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir barnið, til að mynda ríkisfangi, fjölskyldutengslum og nafni. Níunda grein Barnasáttmálans kveður á um ábyrgð aðildarríkja um að tryggja að börn séu ekki ólöglega skilin frá foreldrum sínum. Samkvæmt 21. grein samningsins skulu aðildarríki aðeins grípa til ættleiðingar milli

landa ef fullreynt er með þau úrræði sem til boða standa innanlands svo sem að koma barni í fóstur eða til ættleiðingar.

Aðildarríkjum ber að koma í veg fyrir brottmál, sölu og verslun með börn. Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000 var valfrjálsri bókun bætt við Barnasáttmálann er varðar sölu á börnum, barnavændi og barnaklám. Þar kemur fram að ríki sem eru aðilar að þeirri bókun hafi áhyggjur af aukinni sölu á börnum og skuldbinda þau sig til að fara að gildandi lögum og reglum þegar ættleiðing á sér stað. Valfrjálsa bókunin öðlaðist gildi 18. janúar 2002 (OHCHR, e.d.-b).

Ekki er tryggt að allar þjóðir fari eftir samningnum og því er möguleiki á að brotið sé á rétti barna, til að mynda þegar þau eru skilin frá foreldrum sínum. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sinnir eftirliti með því hvort ríki, sem eru aðilar að Barnasáttmálanum, fari eftir honum. Aðildarríkjum er skylt að skila inn skýrslum reglulega um það hvernig málefnum barna er sinnt (OHCHR, e.d.-c). Ef vafi leikur á um túlkun einstakra ákvæða Barnasáttmálans hefur Barnaréttarnefndin úrskurðarvald (Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Barnaréttarnefndin hefur jafnframt gefið út ábendingar sem eiga að leiðbeina aðildarríkjum við að framfylgja ákvæðum Barnasáttmálans (United Nations, 2003).

2.1.1 UNICEF – Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna

Samtökin United Nations Children's Fund [UNICEF] voru stofnuð af Sameinuðu þjóðunum í desember árið 1946. Hlutverk samtakanna var að tryggja að börn í Evrópu hefðu aðgang að heilbrigðisþjónustu, fæði og fatnaði en eftir seinni heimsstyrjöldina stóð álfan frammi fyrir hungursneyð. Í gegnum árin hafa samtökin unnið að því að bæta hag barna um allan heim og lagt sérstaka áherslu á aðgengi barna að menntun, næringu og heilbrigðisþjónustu (UNICEF, 2012).

Yfirlýst skoðun UNICEF á alþjóðlegum ættleiðingum er sú að samtökin styðja þær ef ljóst þykir að alþjóðleg ættleiðing sé barni fyrir bestu og tryggt að bæði uppruna- og viðtökuríki fari að ákvæðum alþjóðlegra samninga og Haagsamningnum um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar á milli landa. UNICEF leggur ríka áherslu á að á tímum náttúruhamfara og átaka er forgangsatriði að aðstoða börn sem verða viðskilja við fjölskyldur sínar og sameina þau (UNICEF, 2010).

2.2 Haagsamningurinn um vernd barna

Haagsamningurinn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar á milli landa var samþykktur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 29. maí 1993 og er unnið eftir honum í mörgum þeim löndum sem koma að alþjóðlegum ættleiðingum (Þingskjal 939, 1998-1999). Í dag eru 89 ríki aðilar að samningnum, bæði uppruna- og viðtökuríki (HCCH, 2012). Haagssamningurinn var unninn út frá Barnasáttmálanum og er honum ætlað að koma í veg fyrir sölu og brottnám á börnum. Haagsamningurinn lýsir hlutverki stjórnvalda, málsmeðferð ættleiðingarmála og hlutverki löggiltra ættleiðingarfélaga. Ábyrgð viðtökuríkis liggur að stórum hluta í því að tryggja að væntanlegir kjörforeldrar teljist til þess fallnir að geta tekið að sér erlent barn og séu hæfir til að sinna því hlutverki. Viðtökuríki gengur úr skugga um það með því að kanna hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra. Upprunaríki ber ábyrgð á því að kanna hvort það sé barninu fyrir bestu að vera ættleitt úr landi. Upprunaríki á einnig að ganga úr skugga um að viðunandi úrræði hafi ekki fundist innanlands ásamt því að para fjölskyldu við barn samkvæmt þörfum þess (Innanríkisráðuneytið, 2009). Miðstjórnvald hefur samkvæmt samningnum mikilvægu hlutverki að gegna bæði hjá uppruna- og viðtökuríki (Þingskjal 939, 1998-1999). Miðstjórnvald þetta sem kveðið er á um í Haagsamningum er hér á landi í höndum innanríkisráðuneytis (Innanríkisráðuneytið, 2009).

Haagsamningurinn hefur þann megintilgang að tryggja að hagur barna sé ávallt hafður að leiðarljósi við ættleiðingar. Samningurinn kveður, líkt og Barnasáttmálinn, á um að börn hafi rétt á að alast upp hjá fjölskyldu þar sem þau njóta hamingju, skilnings og ástar. Samkvæmt samningnum skulu ríkin tryggja að kjörbarn öðlist sama rétt í viðtökuríki líkt og um innlenda ættleiðingu væri að ræða. Einnig er veigamikið hlutverk miðstjórnvalda í hverju ríki að gera allar ráðstafanir til að koma í veg fyrir óeðlilegan ávinning, hvort sem hann er fjárhagslegur eða annar vegna ættleiðinga (Þingskjal 939, 1998-1999).

Samtökin International Social Service [ISS] komu að undirbúningi Haagsamningsins og þróun hans. ISS varar við því að aðild ríkja að samningnum tryggi ekki ein og sér að ættleiðing fari löglega og faglega fram. Samtökin hafa unnið skýrslur um framkvæmd ættleiðinga hjá aðildarríkjum samningsins og annarra sem standa utan hans og benda á þá áhættuþætti sem tengjast ættleiðingarferlinu (HCCH, 2010-b). Gagnrýnisraddir telja að Haagsamningurinn nái ekki tilsettum árangri í vernd barna vegna skorts á skýringu hugtaka og getuleysi til að hafa bein áhrif á löggjöf ríkja sem hafa fullgilt samninginn. Umgjörð samningsins þykir einnig of víðtæk til að geta tekið á beinum félagslegum vandamálum sem koma að fjölskylduleysi

barna og hafa aðildarríkin visst frelsi til að túlka ákvæði samningsins (Leeuwen, 1999). ISS hefur lýst svipuðum sjónarmiðum varðandi samninginn (HCCH, 2010-b).

2.3 Lög um ættleiðingar nr. 130/1999

Setning laga um ættleiðingar nr. 130/1999 var mikilvægur þáttur í því ferli að fullgilda aðild Íslands að Haagsamningnum. Við vinnslu frumvarpsins voru gildandi ættleiðingarlög Norðurlandanna og nokkurra annarra ríkja í Evrópu höfð til hliðsjónar (Þingskjal 68, 1999-2000). Samkvæmt lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 má ættleiða bæði börn sem og fullorðna en barn er skilgreint sem ungmenni yngra en 18 ára. Umsækjendur um að ættleiða barn verða samkvæmt lögum um ættleiðingar að hafa náð 25 ára aldri. Umsækjendur mega ekki, samkvæmt reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005, vera eldri en 45 ára þegar umsókn um ættleiðingu eða forsamþykki er lögð fram. Samkvæmt 32. grein laga um ættleiðingar kemur fram í forsamþykki að væntanlegt kjörbarn fái landvist á Íslandi til frambúðar og að barnið sé á ábyrgð íslenskra stjórnvalda frá þeim tíma sem það yfirgefur heimaland sitt líkt og það væri íslenskur ríkisborgari. Ráðherra sér um löggildingu ættleiðingarfélaga, setur reglur um störf þeirra og sinnir eftirliti með þeim. Á Íslandi er Íslensk ættleiðing eina löggilda ættleiðingarfélagið sem starfar í dag (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Alþjóðleg ættleiðing er flókið ferli sem snertir framtíð fjölda einstaklinga og barna. Nauðsynlegt er að beita gagnrýnni hugsun þegar ferli þeirra er skoðað og við eftirlit með ættleiðingum. Í ljósi þess hve mikilvægt er að skoða allar hliðar málsins verður fjallað um gagnrýni á alþjóðlegar ættleiðingar í næsta kafla.

3. Gagnrýni á alþjóðlegar ættleiðingar

Alþjóðlegar ættleiðingar eru ekki yfir gagnrýni hafnar og það má velta þeirri spurningu upp hvað réttlæti þetta inngrip í líf barns. Barnið er flutt á milli landa um þúsundir kílómetra, með ókunnugum, til að búa í framandi menningu þar sem að barnið skilur ekki tungumálið. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir mismunandi þáttum í gagnrýni á alþjóðlegar ættleiðingar frá upprunaríkjum og fagaðilum. Einnig verða tíunduð viðbrögð nokkurra ríkja við gagnrýni á ættleiðingarferli þeirra ýmist utan frá eða innanlands.

3.1 Arðrán eða bjargráð

Nauðsynlegt er að skoða ferli alþjóðlegra ættleiðinga með gagnrýnu hugarfari og ljóst er að ekki eru allir sammála um ágæti þeirra. Gagnrýnt hefur verið hversu erfitt er að hafa yfirsýn yfir fjölda ættleiðinga í heiminum vegna skorts á skráningu og vegna mismunandi vinnubragða á milli landa (Selman, 2002; United Nations, 2009).

ISS hefur gagnrýnt viðtökuríki fyrir að draga ekki úr þrýstingi sem settur er á upprunaríki um að hafa börn í boði til ættleiðingar. Þar að auki hafa samtökin bent á að lítið gagn sé í að upprunaríki stýri ættleiðingarferlinu hjá sér á meðan fjármagn frá viðtökuríkjum streymir til þeirra. Samtökin vara við því að ættleiðingarferlið sé hugsanlega misnotað og þá jafnvel áður en ættleiðingarferlið hefst formlega samkvæmt Haagsamningnum. Sem dæmi mætti nefna að ónákvæm skráning upplýsinga um fjölskylduhagi barns getur leitt til þess að það sé skráð munaðarlaust þrátt fyrir að vera það ekki (HCCH, 2010-b).

Þær skoðanir eru nokkuð áberandi og þá sérstaklega innan upprunaríkja að alþjóðlegar ættleiðingar séu arðrán þeirra ríkari sem nýta sér neyð og fátækt efnaminni einstaklinga. Sumir líta á alþjóðlega ættleiðingu sem jákvætt bjargráð sem uppfyllir þarfir barna og hugsanlega réttindi þeirra samkvæmt alþjóðasamningum (Bartholet, 2005). Aðrir hafa bent á að hægt er að tryggja börnum heimili með öðrum úrræðum en alþjóðlegri ættleiðingu til að mynda með því að aðstoða nauðstödd börn og styðja við fjölskyldur þeirra í heimalandinu (Bunkers, Gamer og Groza, 2011; Hollingsworth, 2003). Breytingar sem stuðla að auknum félagslegum jöfnuði myndu einnig hafa í för með sér minnkandi þörf barna fyrir ættleiðingu (Hollingsworth, 2003).

Undanfarin ár hefur framboð barna til alþjóðlegra ættleiðinga minnkað og er að hluta til hægt að skýra þá þróun með aukinni velmegun, bættri heilbrigðisþjónustu, breyttum

samfélagsviðhorfum og auknu framboði af ódýrari getnaðarvörnum í upprunaríkjum (United Nations, 2009). Aukið jafnrétti kynjanna til náms og launa er stór þáttur í því að breyta samfélagsmynstrum sem leiða til þess að framboð barna til ættleiðingar minnkar. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir börnum til ættleiðingar aukist annars staðar í kjölfar svipaðrar þróunar.

3.2 Viðbrögð við gagnrýni

Gagnrýni og umræða á alþjóðlegum vettvangi hafa haft mikil áhrif á þann fjölda barna sem í boði eru til alþjóðlegra ættleiðinga og hefur þeim heldur farið fækkandi á síðustu árum. Undanfarið hafa upprunaríki takmarkað eða alveg stöðvað ættleiðingar vegna breytinga á viðhorfum samfélagsins til einstæðra foreldra, fjölgunar ættleiðinga innanlands og lækkunar á fæðingartíðni. Það hefur einnig verið tekið fyrir ættleiðingar ef grunur leikur á sölu á börnum og/eða ef óeðlilega mikils þrýstings gætir frá kjörforeldrum (Bartholet, 2007; Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Á árunum 2004-2007 dró mjög úr ættleiðingum frá Suður-Kóreu, Kína og Rússlandi og voru þær aðgerðir viðbrögð við utanaðkomandi gagnrýni (NOU, 2009). Rússland, Kína og Rúmenía hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir aðbúnað barna á munaðarleysingjaheimilum (Howell, 2006). Nýlega hafa einnig orðið áberandi viðbrögð ríkja á pólitískum vettvangi og skemmst er að minnast banns Rússlands við ættleiðingum til Bandaríkjanna (Reuters, 2012; Time, 2012). Rúmenía og Indland eru sömuleiðis nefnd hér sem dæmi um lönd sem líkt og þessi þrjú fyrrnefndu hafa brugðist við gagnrýni á ættleiðingu með því að draga úr framboði á börnum til alþjóðlegrar ættleiðingar.

3.2.1 Suður-Kórea

Alþjóðasamfélagið gagnrýndi ættleiðingarferlið í Suður-Kóreu þar sem sala á börnum virtist fara fram. Í kjölfarið setti Suður-Kórea takmarkanir á fjölda barna sem ættleiða má úr landi en munaðarlausum börnum í landinu hafði ekki fækkað og versnaði staða barnanna fyrir vikið (Bartholet, 2005, 2007).

3.2.2 Rúmenía

Rúmenía lokaði alfarið á alþjóðlegar ættleiðingar árið 2000 en landið hafði um margra ára skeið verið harðlega gagnrýnt fyrir slæman aðbúnað á munaðarleysingjaheimilum. Upp höfðu komið tilvik þar sem mæðrum hafði verið greitt fyrir að gefa börn sín til ættleiðingar. Fjöldi barna í Rúmeníu og Suður-Kóreu, sem þarf aðstoð við að finna framtíðarheimili, hefur

ekki breyst og eftirspurn barnlausra einstaklinga í heimlandinu hefur ekki aukist (Bartholet, 2005, 2007).

3.2.3 Indland

Gagnrýni á alþjóðlegar ættleiðingar hefur verið nokkuð áberandi í Indlandi og hefur hluti landsmanna litið það hornauga að vestrænir einstaklingar komi þangað til að sækja börn. Innlendar ættleiðingar tíðkuðust ekki fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar en þær hófust í kjölfar alþjóðlegra ættleiðinga barna frá Indlandi (Howell, 2006). Innlendar ættleiðingar á Indlandi voru 1.949 árið 2003 á meðan alþjóðlegar ættleiðingar voru 1.098. Af því má sjá að innlendar ættleiðingar eru því mun fleiri en alþjóðlegar ættleiðingar (United Nations, 2009). Þetta hlutfall má eflaust rekja til viðhorfs Indverja til alþjóðlegra ættleiðinga og gagnrýnnar umfjöllunar fjölmiðla þar í landi (Howell, 2006).

3.2.4 Rússland

Nýlega samþykkti neðri deild rússneska þingsins, Dúman, lög sem stöðva ættleiðingar rússneskra barna til Bandaríkjanna. Tóku þeir þá ákvörðun vegna laga sem kennd eru við Magnitsky sem sett voru í Bandaríkjunum og eiga að draga til ábyrgðar rússneska embættismenn sem hafa gerst sekir um ómannúðlega og refsiverða háttsemi (Time, 2012). Lögin hafa nú tekið gildi eftir samþykki efri deildar rússneska þingsins og undirskrift forsetans Vladímírs Pútín. Pútín hefur svarað gagnrýni á lögin með vísan til þjóðarstolts Rússlands og getu landsins til að sjá um börnin þar (Reuters, 2012).

3.3 Gagnrýni - samantekt

Dæmin hér að framan sýna að upprunaríki bregðast við gagnrýni og þrýstingi á misjafna vegu og stundum þvert á þarfir barna. Gagnrýni alþjóðasamfélagsins á hugsanlega sölu á börnum og slæman aðbúnað á munaðarleysingjaheimilum í Suður-Kóreu og Rúmeníu leiddi til þess að stjórnvöld þar lokuðu fyrir eða takmörkuðu alþjóðlegar ættleiðingar. Innlend eftirspurn eftir börnum til ættleiðingar jókst ekki að sama skapi og lifðu því enn fleiri börn en áður við foreldraleysi og neyð í þessum löndum (Bartholet, 2005, 2007). Of mikill þrýstingur frá kjörforeldrum og það viðhorf að afhending barna til útlendinga jafngildi arðráni hefur sömuleiðis haft áhrif til fækkunar barna til alþjóðlegra ættleiðinga. Framboð barna til alþjóðlegar ættleiðingar endurspeglar jafnframt það sem er að gerast á hverjum tíma í heimsmálum og tekið breytingum vegna þjóðernishyggju og þjóðarstolts. Nýlegt dæmi frá

Rússlandi gefur góða mynd af því hvernig ættleiðingar geta samtvinnast stjórnmálum. Þessi dæmi varpa öll ljósi á mikilvægi faglegra vinnubragða og fylgni við alþjóðasamninga. Einnig vekja þau spurningar um hver beri endanlega ábyrgð á að meta hagsmuni þeirra barna sem þurfa á alþjóðlegri ættleiðingu að halda.

Mörg þau atriði sem alþjóðlegar ættleiðingar eru gagnrýndar fyrir eru nátengd spurningum um siðferði og hvað sé rétt og rangt. Einnig er mikilvægt að skoða í hvaða samhengi spurt er. Alþjóðlegar ættleiðingar snerta á fjölmörgum siðferðilegum álitaefnum en ýmsar kenningar um siðfræði hafa verið notaðar við gagnrýni á þeim. Í næsta kafla verða þær helstu skoðaðar.

4. Siðferðiskenningar

Siðferðiskenningar koma margar að álitaefnum tengdum alþjóðlegri ættleiðingu. Þær vekja okkur til umhugsunar um fyrirfram mótaðar skoðanir okkar og ástæður þess að við höfum þær. Kenningarnar benda okkur á mikilvægi þess að setja okkur í spor annarra og mikilvægi þess að komast að því af hverju tiltekin gildi eru viðtekin í hverju samfélagi fyrir sig.

Í þessum kafla verður fjallað um siðferðiskenningar sem tengjast siðferðilegum málefnum ættleiðinga. Fyrst verður fjallað um kenningu Rawls um réttlæti og því næst um hugarfarskenningar, þar á eftir verður tæpt á menningarlegri afstæðihyggju og að lokum fjallað um siðferði án hroka.

4.1 Kenning Rawls um réttlæti

Siðferðileg álitamál er tengjast réttlæti eru fjölmörg þegar ættleiðingar eru annars vegar. Alþjóðlegar ættleiðingar hafa verið gagnrýndar út frá ýmsum sjónarhornum og með tilliti til ýmissa siðferðilegra álitamála. Áberandi í þeirri gagnrýni hefur verið rýni á form alþjóðlegra ættleiðinga nútímans út frá kenningum John Rawls um réttlæti (*e. theory of justice*). Leslie Doty Hollingsworth telur mikilvægt að í störfum sínum beiti félagsráðgjafar hugmyndafræði félagslegs réttlætis. Þeir verði með öðrum orðum að vera vakandi fyrir félagslegu réttlæti í ferli alþjóðlegra ættleiðinga. Ættleiðingarferli milli landa og menningarheima bjóða upp á flókinn veruleika sem taka þarf tillit til um leið og hagsmunir barnanna eru metnir (Hollingsworth, 2003; Howell, 2006). Hagsmunir eru eðli málsins samkvæmt háðir menningarlegu gildismati og því ekki einfalt að komast að þeirri „réttu niðurstöðu“ sem er barninu fyrir bestu til allrar framtíðar. Ættleiðing er endanleg ráðstöfun og óafturkræf fyrir alla aðila málsins. Sem dæmi um félagslegt óréttlæti nefnir Hollingsworth að upprunaríkin og hugsanlega afmarkaðir hópar innan upprunaríkjanna hafi ef til vill ekki sömu tækifæri til að veita bæði börnum og kynforeldrum þau lífsgæði, bjargir og frelsi sem teljast til sjálfsagðra réttinda og þjónustu í viðtökuríkjunum. Einstaklingar sem eignast börn sem gefin eru til ættleiðingar búa því við mikinn efnahagslegan ójöfnuð ef miðað er við ákveðna forréttindahópa sem búa í upprunaríkjunum og þær fjölskyldur sem taka við börnum til ættleiðingar í viðtökuríkjunum (Hollingsworth, 2003). Þegar litið er til sögunnar og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað í fyrrgreindum fimm ættleiðingartímabilum má sjá að þróun

og breytingar innan ríkja og milli þeirra verða til þess að ættleiðingarmynstrin breytast og ríkin með.

Rawls setti fram tvær meginreglur um réttlæti sem hann taldi mikilvægt að stofnanir samfélagsins ynnu eftir. Sú fyrri byggist á því að allir eigi jafnan rétt á frelsi. Síðari reglan er sú að félagslegur og efnahagslegur ójöfnuður er einungis réttlætanlegur ef hann er til hagsbóta þeim sem standa verr að vígi en aðrir í samfélaginu (Rawls, 1999). Þorsteinn Gylfason þýddi meginhugmynd Rawls á þennan hátt:

Öll frumgæði mannlegs samfélags — frelsi og tækifæri, tekjur og auður og forsendur sjálfsvirðingar — eiga að skiptast jafnt á fólk nema því aðeins að ójöfn skipting einhverra eða allra þessara gæða sé þeim til hagsbóta sem verst eru settir. (Þorsteinn Gylfason, 1984, bls. 202).

Hollingsworth bendir á að félagslegur og efnahagslegur ójöfnuður geti leitt til þess að vestrænir barnlausir einstaklingar geti nýtt sér þann ójöfnuð sem óhjákvæmilega er til staðar milli þeirra og kynforeldra í upprunalöndunum til að uppfylla þarfir sínar og langanir um að stofna fjölskyldu. Með því að ættleiða börnin og bregðast þannig við téðum ójöfnuði eru vestrænar fjölskyldur að hagnast á óréttlátri samfélagsgerð í heiminum á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi eru vestrænar fjölskyldur að færa sér í nyt fátækt fjölskyldna í þróunarríkjum. Í öðru lagi geta alþjóðlegar ættleiðingar leitt til þess að verið sé að notfæra sér samfélagslega útskúfun og höft sem samfélög beita gegn börnum sem álitin eru óæskileg og börnum á jaðri samfélagsins. Í þriðja lagi er hugsanlega verið að nýta kúgun og mismunun vegna kynferðis í þágu ættleiðinga. Í fjórða lagi er möguleiki á að brotið sé á rétti barnanna til að þekkja og nálgast kynforeldra sína. Í fimmta lagi er líklega verið að takmarka eða eyða möguleikum barnsins til að samsama sig öðrum af sama uppruna og þjóðerni upprunaríkisins. Í sjötta og síðasta lagi nefnir Hollingsworth þá hættu að börn geti verið tekin til ættleiðingar með ólögmætum hætti til dæmis með brotnámi, mansali eða að börn gangi kaupum og sölum (Hollingsworth, 2003).

4.2 Hugarfarskenningar

Thomas Humphrey Marshall var breskur þjóðfélagsfræðingur sem fjallaði um þróun borgararéttinda í Englandi en megintímabilin í þróun þeirra eru þrjú. Fyrst komu lagaleg réttindi, þá pólitísk réttindi og síðast félagsleg réttindi. Í hugarfars- og lífsskoðunarkenningum er gert ráð fyrir að stjórnvöld byggji upp samfélag sem endurspeglar

óskir og væntingar almennings. Menningarálit hefur því áhrif á uppbyggingu og þróun samfélagsins og setur mark sitt á þróun velferðarríkisins (Stefán Ólafsson, 1999). Bandaríkin og Svíþjóð eru í hópi þeirra landa sem eru með mestan fjölda alþjóðlegra ættleiðinga (United Nations, 2009). Munurinn á uppbyggingu velferðarþjónustu í löndunum er mikill þar sem einstaklingshyggjan er ríkjandi í Bandaríkjunum en hlutverk hins opinbera í Svíþjóð felst í því að tryggja þegnum sínum víðtæka velferðarþjónustu. Í Bandaríkjunum hefur fátækt og ójöfnuður verið meiri en þekkist í Evrópu. Bilið á milli ríkra og fátækra fer vaxandi í Bandaríkjunum og á sú þróun sér stað víðar (Stefán Ólafsson, 1999). Bandaríkin skera sig úr hvað varðar fjölda innlendra ættleiðinga í vestrænum ríkjum en þær eru mun fleiri en alþjóðlegar ættleiðingar (United Nations, 2009). Í samanburði við Svíþjóð er félagslegur ójöfnuður talsverður í Bandaríkjunum og endurspeglar fjöldi innlendra ættleiðinga þann ójöfnuð. Kynforeldrar barna í Svíþjóð hafa allir með mismikilli aðstoð samfélagsins tök á að koma börnum sínum til manns á meðan bág félagsleg og efnahagsleg staða kynforeldra í Bandaríkjunum leiðir til þess að þeir þurfa að gefa börn frá sér til ættleiðingar. Er með þessu verið að samþykkja óumflýjanleika þess að sumir lifi í vellystingum á meðan aðrir eru fátækir og að ekkert sé athugavert við það að bilið á milli fátækra og ríkra breikkar? Á sama hátt er spurning um siðferðilegt réttmæti þess að fátækir svelta á meðan þeir efnaðri fleygja matvælum. Segja má að hugarfarir við uppbyggingu samfélagsgerðar í Bandaríkjunum geri það að verkum að fleiri börn eru í framboði til innlendrar ættleiðingar þar.

4.3 Menningarleg afstæðishyggja

Kenningin um menningarlega afstæðishyggju (*e. cultural relativism*) felur það í sér að okkar hversdagslegu hugmyndir um algildi siðferðilegra sanninda og hlutlægni eru dregin í efa og í raun er um að ræða breytilegar reglur bundnar við menningu hvers samfélags. Menningarsamfélög hafa ólíkar siðareglur og samkvæmt kenningunni er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort siðirnir eru réttir eða rangir. Styrkleikar menningarlegrar afstæðishyggju felast í því að gera okkur víðsýnni og getur hún gert okkur grein fyrir því að siðferðileg viðhorf geta endurspeglad fordóma þess samfélags sem við búum í. Viðhorf og siðir eru afurð menningarinnar. Gagnrýni á kenninguna felst meðal annars í því að öll menningarsamfélög eiga einhver sameiginleg gildi og út frá þeim þróast siðareglur sem eru nauðsynlegar til að samfélag þrífist. Einnig eru menningarhefðir ekki eins ólíkar og ætla mætti, munurinn er oft falinn í lífsskilningi okkar. Kenningin hefur því bæði kosti og galla en

hægt er að nýta sér kostina eins lengi og maður er meðvitaður um galla hennar (Rachels, 1986/1997). Kenningin gengur langt í að viðurkenna að siðferðið er fólgið í þjóðháttum og því ekkert sem er rétt eða rangt þegar gengið er á rétt einstaklinga. Er því verið að samþykkja fátæktina sem er í upprunaríkjunum og viðhorf til stöðu einstaklinga innan ríkjanna, til að mynda barna og kvenna? Víða í heiminum eru það viðtekin viðhorf að konur og stúlkur eru minna virði en karlar og drengir, réttindi þeirra og frelsi er fyrir borð borin. Stúlkur fá til að mynda ekki sömu tækifæri og drengir til að sækja sér menntun og í sumum löndum, þar á meðal Kína, er ekki óalgengt að stúlkubörn séu borin út eða gefin til ættleiðinga vegna þessara menningarviðhorfa (Howell, 2006).

4.4 Siðferði án hroka

David Hume sagði að líf mannsins væri á mælikvarða alheimsins ekki mikilvægara en líf ostru en hann viðurkenndi þó að líf hvers einstaklings væri honum mikilvægt. Meginregla kenningarinnar um siðferði án hroka er að einstaklingar eigi alltaf að gera það sem eflir á óhlutdrægan hátt hagsmuni allra jafnt. Það á því ekki að skipta máli hvar einstaklingar búa í heiminum. Siðferði án hroka tengist nytjastefnunni en ákvarðanir og fyrri hegðun einstaklinga samkvæmt henni hefur áhrif á framkomu og viðbrögð annarra. Samkvæmt því ættu einstaklingar að geta unnið sig upp og bætt stöðu sína. Ef litið er til þess að börn fæðast annað hvort karlkyns eða kvenkyns þá hafa þau ekki jafna möguleika til lífsgæða eftir fæðingu í löndum þar sem ákjósanlegra er að eignast sveinbörn. Þetta er það sem Rawls myndi nefna happdrætti náttúrunnar en einstaklingar fá engu um það ráðið í hvernig líkama þeir fæðast. Samkvæmt þessu fá stúlkubörn ekki sömu tækifæri og sveinbörn til að alast upp hjá foreldrum sínum (Rachels, 1986/1997). Það væri einnig hægt að bera þetta saman við mæður í fátækari ríkjum sem eignast börn en hafa ekki jöfn tækifæri á við mæður í ríkari löndum sem geta boðið börnum sínum öruggt skjól og fæði.

Það er því samkvæmt kenningunni um siðferði án hroka ekki sanngjarnt að neyða fátæka foreldra til að gefa börn sín frá sér án þess að gefa þeim tækifæri til að ala önn fyrir þeim og jafna rétt þeirra til heilbrigðisþjónustu og getnaðarvarna til að hafa stjórn á fjölskyldustærð sinni. Óréttlæti ríkir víða í viðteknum venjum og viðhorfum og langur vegur frá því að unnið sé samkvæmt kenningu um siðferði án hroka og hagsmunir allra séu metnir jafnt.

Eftir því hvernig alþjóðlegum ættleiðingum er stillt upp við siðferðiskenningar koma ólík sjónarmið fram. Í kenningunum hér að framan er vísað til félagslegs réttlætis á ýmsan hátt og helst deilt á misræmi og misskiptingu gæða í uppruna- og viðtökuríkjum. Gagnrýnt er að með alþjóðlegri ættleiðingu hagnist vestrænar fjölskyldur á óréttlátri samfélagsgerð í heiminum á ýmsan máta. Menningarleg afstæðishyggja getur gert okkur víðsýnni en gæta þarf þess að samþykkja ekki gagnrýnilaust óréttlæti sem réttlætt er með vísan til menningar og þjóðháttar. Í næsta kafla verður áhugavert að skoða siðferðileg álitamál sem eru ríkjandi í dag auk þess að skoða tiltekin dæmi af alþjóðlegum ættleiðingum sem hafa verið gagnrýnd.

5. Siðferðileg álitaefni

Alþjóðlegar ættleiðingar hafa verið umdeildar og siðferðileg álitaefni sem þeim tengjast eru mörg. Umsækjendur um börn til ættleiðingar eru mun fleiri en þau börn sem upprunaríki meta að þurfi á ættleiðingu að halda. Fjöldi barna sem er munaðarlaus, vandalaus og lifir við slæman aðbúnað er mun meiri en sá fjöldi barna sem ættleiddur er milli landa (Howell, 2006).

Á sama hátt og menningarlegt gildismat í upprunaríkjum skapar framboð af börnum til ættleiðingar, endurspeglar eftirspurn eftir börnum til ættleiðingar í viðtökuríkjum ríkjandi gildismat kjörforeldra er varðar menntun og starfsframa. Í nútímasamfélagi er sífellt algengara að fólk helgi í auknu mæli tíma sínum menntun og starfsframa (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Kjörforeldrar hafa því hugsanlega unnið frá sér þann tíma sem þeir höfðu möguleika á að eignast börn á náttúrulegan hátt. Með alþjóðlegum ættleiðingum er verið að tryggja að til sé framboð af börnum fyrir fólk sem glímir við barnleysi. Um leið er samþykkt flokkun og útskúfun samfélagsins á börnum sem byggir á menningarlega ákvörðuðu gildismati til að mynda í ríkjum eins og Kína og Indlandi (Howell, 2006). Nær væri að berjast gegn því óréttlæti sem í þessu felst og bæta hag samfélagsins svo að hægt væri að sjá börnunum farborða með sómasamlegum hætti innan upprunaríkisins. Í vestrænum ríkjum er stefnan oftast sú að aðstoða fólk við að halda eigin börnum svo þau þekki uppruna sinn og fjölskyldu. Með alþjóðlegum ættleiðingum er á vissan hátt verið að samþykkja að önnur stefna sé viðhöfð gagnvart ættleiddum börnum frá fátækari ríkjum. Eins lengi og þetta misræmi er samþykkt er verið að fara á skjön við kenningu Rawls um réttlæti.

Í eftirfarandi köflum verður fjallað um nokkur dæmi flutninga og ættleiðinga á börnum milli landa. Aðstæðurnar eru mismunandi og í því fyrsta er fjallað um börn sem flutt voru frá Grænlandi til Danmerkur vegna félagslegra aðstæðna á sjöunda áratugnum. Því næst verður fjallað um flutninga finnskra barna til Svíþjóðar á tímum seinni heimsstyrjaldar. Að lokum verður fjallað um ættleiðingu frá Eþíópíu til Danmerkur þar sem að kjörbarni tókst illa að aðlagast nýju umhverfi og vafi leikur á um að farið hafi verið eftir öllum alþjóðasamningum til að tryggja rétt allra aðila sem komu að ættleiðingunni.

5.1 Frá Grænlandi til Danmerkur

Á sjöunda áratug síðustu aldar glímdu margir Grænlandingar við fátækt og neyð sem varð til þess að hópi grænlenkra barna var komið fyrir í fóstur og ættleiddur í Danmörku. Mörg barnanna töluðu ekki dönsku, þau skildu ekki ástæður þess að þau voru send í burtu og hefur fjöldi þeirra snúið aftur á æskuslóðir sínar til að leita svara. Það er því hægt að velta þeirri spurningu upp hvort börnin sem voru send frá Grænlandi til vandalausra í Danmörku á sjöunda áratugnum hefðu verið ættleidd þangað ef danska ríkið hefði haft úrræði við hæfi fyrir fátæku fjölskyldurnar í Grænlandi. Flutningur barnanna til Danmerkur hefur verið harðlega gagnrýndur vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem börnin urðu fyrir og afleiðingum þess að vera tekin úr heimaumhverfi sínu skyndilega og án skýringa. Flutningarnir voru því framkvæmdir með hag barnanna að leiðarljósi en upplifun þeirra var ekki á þann veg (Jensen, 2008).

5.2 Frá Finnlandi til Svíþjóðar

Á meðan seinni heimsstyrjöldin geisaði voru um 70 þúsund finnsk börn flutt frá Finnlandi til Svíþjóðar þar sem þau voru sett í fóstur til sænskra fósturforeldra. Stór hluti þeirra fór aftur til Finnlands en á milli 10-15 þúsund börn sneru aldrei aftur og voru ættleidd af sænskum foreldrum. Lillemor Langebro hefur rætt við 65 finnska einstaklinga sem voru hluti af þeim börnum sem voru flutt til Svíþjóðar. Í viðtölunum kom fram að einstaklingarnir fundu fyrir mikilli óvissu vegna flutninganna. Þau voru mállaus í nýju umhverfi og þess eru dæmi að systkini hafi verið skilin að og ekki fengið að halda sambandi á meðan þau dvöldu í Svíþjóð. Við komuna til Svíþjóðar voru allar eigur barnanna teknar af þeim og föt þeirra send til brennslu. Hluti barnanna var fluttur oftari en einu sinni á milli landanna. Sum höfðu tapað niður finnskukunnáttu sinni og höfðu engar minningar um kynforeldra sína þegar þau fluttu aftur til Finnlands. Staðið var að flutningi barnanna til að forða þeim frá erfiðum aðstæðum og stríðsátökum. Líkt og hjá grænlenksku börnunum voru flutningarnir framkvæmdir með hag barnanna að leiðarljósi en upplifun þeirra var ekki á þann veg (Ericsson, 2009).

5.3 Masho frá Eþíópíu

Í danskri heimildarmynd frá árinu 2012 sem nefnist *Adoptionens pris* er ferli ættleiðingar fylgt frá byrjun og ýmsum siðferðilegum spurningum varðandi alþjóðlega ættleiðingu velt upp. Í myndinni er fylgst með kjörforeldrunum Henriette og Gert frá Danmörku sem ættleiða tvö ung börn frá Eþíópíu. Í myndinni kynnumst við einnig kynforeldrum barnanna, þeim

Sinkenesh og Hussen. Myndin spannar rúm fjögur ár og meðal annars er varpað ljósi á samskipti kynforeldra og kjörforeldra barnanna. Aðstæður og skýringar kynforeldra fyrir því að gefa börnin frá sér til ættleiðingar eru afar frábrugðnar aðstæðum og skýringum kjörforeldranna fyrir ættleiðingunni. Dönsku hjónin vilja uppfylla löngun sína til að verða foreldrar en eþíópísku hjónin vilja tryggja tveimur börnum sínum betri lífsgæði og trausta framtíð. Eþíópísku hjónunum er tjáð að þau séu smituð af alnæmi og eigi af þeim sökum ekki langt eftir ólifað. Kynforeldrarnir efuðust um réttmæti ákvörðunarinnar um að gefa börnin frá sér en þegar þeim er lofað að þau fái að halda sambandi við þau og fylgjast með framgangi mála ákveða þau að klára ættleiðingarferlið. Eldra barnið, stúlkan Masho sem er fjögurra ára gömul, á erfitt með aðskilnaðinn frá kynforeldrum sínum og aðlögun að lífinu í Danmörku. Því velja dönsku foreldrarnir að lokum að koma henni fyrir á stofnun á vegum sveitarfélagsins. Á stofnuninni fær hún að hitta kjörforeldra sína á tveggja vikna fresti og bróður sinn sjaldnar. Myndin vekur upp siðferðilegar spurningar sem tengjast velferð barnanna og allra aðila sem koma að ættleiðingunni. Börnin virtust ekki skorta hamingju, skilning og ást frá kynforeldrum sínum fyrir ættleiðinguna og Masho hefði að öllum líkindum ekki endað inni á stofnun ef hún hefði búið áfram í Eþíópíu (Fridthjof Film Doc og Kjær, 2012).

Svo virðist sem misskilnings hafi gætt hjá bæði kjörforeldrum og kynforeldrum um eðli ættleiðingarinnar og endanleika hennar. Kjörforeldrarnir töldu að um lokaða ættleiðingu væri að ræða á meðan kynforeldrunum var sagt að þau gætu fengið árlegar fréttir af líðan og aðlögun barnanna og að fyrsta árið fengju þau þrjár skýrslur um framgang ættleiðingarinnar. Forstöðumaður barnaheimilisins sem börnin fara á áður en þau eru ættleidd vakti upp vonir foreldranna um að börnin kæmu aftur til Eþíópíu eftir að hafa sótt sér framhaldsmenntun í vestrænu ríki (Fridthjof Film Doc og Kjær, 2012). Ættleiðingin var framkvæmd með milligöngu DanAdopt sem er annað tveggja löggildra ættleiðingarfélaga í Danmörku. Félagið hafði milligöngu um á annað hundrað ættleiðinga á síðastliðnu ári (DanAdopt, 2012). Það er hægt að velta upp þeirri spurningu hversu leikstýrð myndin er og hversu hlutlausa og rétta mynd hún gefur af þessari tilteknu ættleiðingu. Myndin hefur vakið hörð viðbrögð og miklar umræður um lögmæti ættleiðingar og siðferðileg álitamál jafnt í Danmörku sem utan hennar. Hagsmunasamtök um ættleiðingu í Danmörku hafa meðal annars sent frá sér harðorða yfirlýsingu þar sem þau lýsa yfir stuðningi við kröfu innanríkis- og samþættingarráðherrans Karenar Hækkerup um rannsókn á starfsháttum og fylgni við

alþjóðalög vegna ættleiðinga til Danmerkur. Í yfirlýsingunni kemur fram að hagsmunasamtökin samþykki ekki ófagleg vinnubrögð og harma að logið sé að kynforeldrum til að þrýsta á þau um að gefa börn frá sér. Samtökin ítreka jafnframt mikilvægi þess að kjörforeldrar og börn fái faglega aðstoð eftir að heim er komið (Adoption og samfund, 2012). Fjallað hefur verið um myndina í ýmsum fjölmiðlum í Danmörku og hefur þar komið fram að ættleiðingin er gagnrýnd af ráðamönnum sem hafa hafið rannsókn á ferli ættleiðinga frá Eþíópíu. Einnig hefur DanAdopt slitið samstarfi við barnaheimilið sem hafði milligöngu um þessa tilteknu ættleiðingu (DR.DK, 2012). Af þeim 77 börnum sem voru ættleidd frá Eþíópíu til Danmerkur sama ár og Masho og bróðir hennar, voru aðeins tvö börn sem ekki áttu foreldra á lífi (Fridthjof Film Doc og Kjær, 2012).

Þjónaði þessi tiltekna alþjóðlega ættleiðing þeim tilgangi sem lagt var upp með, það er að vernda börnin? Var ættleiðingin þeim til hagsbóta svo þau gætu fengið jöfn tækifæri á við önnur börn, þar á meðal að alast upp við hamingju, ást og skilning? Hvaða hag höfðu milligönguaðilar DanAdopt af því að þrýsta á kynforeldrana og segja þeim ekki allan sannleikann? Er siðferðilega rétt að ættleiða úr landi 75 börn sem áttu fyrir foreldra á lífi?

Af fyrrgreindu má sjá að dæmi eru um að alþjóðlegar ættleiðingar uppfylli ekki þau markmið sem að lagt var upp með í byrjun en í næsta kafla verður greint frá aðstæðum í upprunaríkjum og hvað veldur því að framboð er af börnum til alþjóðlegra ættleiðinga.

6. Hvaðan koma börnin?

Eins og áður hefur komið fram eru aðstæður í upprunaríkjum margvíslegar og ástæður þess að börn eru gefin til alþjóðlegrar ættleiðingar endurspeglar þær. Í Kína hafa strangar reglur gilt um barneignir allt frá seinni hluta áttunda áratugarins þegar stefna stjórnvalda um eitt barn á hjón tók gildi (Leeuwen, 1999; Newman og Grauerholz, 2002). Í mörgum löndum, til dæmis Kína, Indlandi og Víetnam, er talið mikilvægt að eignast syni og birtist þetta ríkjandi gildismat í því að stúlkum er hafnað, ýmist í móðurkviði eða eftir fæðingu (United Nations, 2009). Mæður stúlkubarna í Kína yfirgefa eða láta frá sér börn sín vegna þess að þær sjá engan annan valkost (Riley, 1997). Börnin búa oft við slæman aðbúnað á munaðarleysingjaheimilum í upprunaríkinu og lönd sem hafa sætt gagnrýni fyrir slíkt eru til dæmis Kína og Rúmenía (Howell, 2006). Því lengur sem börnin dvelja á stofnunum við slæman aðbúnað því neikvæðari áhrif hefur það á uppvöxt þeirra og þroska. Börnin eru í meiri áhættuhópi en önnur sem alast upp hjá fósturfjölskyldu eða hjá kynforeldrum. Eftir dvöl á stofnun glíma börn frekar við röskun á líkamlegum og andlegum þroska auk þess sem mörg eiga við hegðunarerfiðleika og heilsubresti að stríða (Cash, Goza og Ryan, 2003; Fisher, 2003).

Hér á eftir verður farið yfir tvo veigamikla þætti sem hafa áhrif á ástæður þess að kynforeldrar geta ekki haft börn sín hjá sér og kjósa því að gefa þau frá sér til ættleiðingar. Þeir þættir eru fátækt og mismunun vegna stöðu eða kynferðis.

6.1 Fátækt

Misskipting auðs í heiminum er áberandi og þegar litið er til uppruna- og viðtökuríkja er þessi ójöfnuður augljós. Ættleiðingar barna eru yfirleitt frá fátækari löndum til landa þar sem efnahagsleg velmegun ríkir. Hlutfall fátækra í upprunaríkjum er oft hátt og atvinnuleysi algengt þar sem atvinnuuppbygging og tækifæri til menntunar eru afar takmörkuð sér í lagi hjá þeim sem búa við bág kjör. Ungbarnadauði í upprunarlöndum er yfirleitt hlutfallslega hærri en í vestrænum ríkjum. Foreldrar sjá sér oft ekki annan kost færan en að yfirgefa börn sín þar sem þeir geta ekki séð fyrir þeim. Í kjölfarið upplifa þeir oft valdleysi og vanmátt og sjá ekki fram á að geta breytt aðstæðum sínum til hins betra (Hollingsworth, 2003).

Konur í fátækum ríkjum hafa lýst þeirri tilfinningu að þær og börn þeirra séu söluvara fyrir Vesturlandabúa sem njóta forréttinda af ýmsum toga í samanburði við þær (Riley, 1997). Stærstur hluti jarðarbúa hefur nú aðgang að fjölmiðlunar- og fjarskiptabúnaði og

hefur því ríkari innsýn í aðstæður fólks annars staðar í heiminum en áður gerðist. Þessi þróun hefur óhjákvæmilega leitt til þess að upplifun kynforeldra af því að gefa börn frá sér í dag er önnur en á árum áður. Kynforeldrar telja ef til vill að þeir geti fengið að fara síðar til barnanna eða í það minnsta fengið fréttir af þeim. Í dönsku heimildarmyndinni töldu kynforeldrarnir að börnin sneru ef til vill aftur til Eþíópíu eftir að þau væru búin að mennta sig (Fridthjof Film Doc og Kjær, 2012). Líkt og fram kemur í yfirlýsingu dönsku hagsmunasamtakanna Adoption og samfund er dæmið frá Eþíópíu ekki einsdæmi en þau vísa til þess að milliliður í upprunaríki, sem vann með dönsku ættleiðingarfélagi, hafi áður orðið uppvís að lygum og því að segja kynforeldrum ekki allan sannleikann. Þeirra mat er að ef slík vinnubrögð eru viðtekin séu allir aðilar sem koma að ættleiðingum að bregðast í starfi sínu (Adoption og samfund, 2012).

Í Brasilíu hafa fátækir foreldrar falið börn sín í hendur munaðarleysingjaheimilum. Foreldrarnir eru látnir skrifa undir samþykki þess efnis að þau leyfi ættleiðingu barnanna. Í ljós hefur komið að oft og tíðum hafi foreldrarnir ekki gert sér grein fyrir því hvaða afleiðingar undirskrift þeirra hafði og þegar sækja átti börnin eftir einhvern tíma var búið að ættleiða þau úr landi. Það úrræði að láta börnin á heimilið var tímabundin ráðstöfun af foreldranna hálfu sem töldu að þeir gætu sótt börnin þegar aðstæður vænkuðust hjá þeim. Meginástæður þess að fjöldi barna er yfirgefinn af foreldrum sínum í Indlandi ár hvert eru fátækt og það að börnin eru óskilgetin (Howell, 2006).

Aðstæður á munaðarleysingjaheimilum eru afar mismunandi á meðan sum heimilin nota uppeldisaðferðir sem líkjast fjölskyldulífi eru önnur afar stofnanavædd. Það er því ekki hægt að setja þau öll undir sama hatt. Þau börn sem alast upp á munaðarleysingjaheimilum fá alla jafna ekki sömu tækifæri og þau sem eru alþjóðlega ættleidd. Því yngri sem börnin eru við ættleiðingu því betur aðlagast þau. Jafnvel þótt börnin séu ættleidd þegar þau eru eldri vegnar þeim betur en þeim hefði annars vegnað eftir dvöl á stofnun. Það er mat Bartholet að þeir sem móti stefnu og löggjöf alþjóðlegra ættleiðinga þurfi að koma með skýr ákvæði sem gagnast börnunum og auðveldi ættleiðingarferlið svo það taki minni tíma en þó ekki á kostnað þess að hætta á aukna misnotkun. Barn sem sannanlega hefur ekki aðgengi að foreldrum sínum og á ekki möguleika á varanlegu heimili í upprunaríki þarf að hafa möguleika á alþjóðlegri ættleiðingu. Stytta þarf þann tíma sem börn verja á stofnunum þar sem þau fá ef til vill ekki þá ást og skilning sem þau eiga rétt á. Það þarf að sporna við þeim fjölda barna, sem vegna fátæktar kynforeldra er gefinn til ættleiðingar, með því að koma á

félagslegum jöfnuði og hagrænum stöðugleika. Hægt er að ná því fram með því að auka menntun og auðvelda aðgengi að heilbrigðisþjónustu í upprunaríkjum (Bartholet, 2005, 2007).

6.2 Mismunun byggð á kynferði eða stöðu

Víða í ríkjum heims viðgengst ójöfn staða kvenna og karla í mismiklu mæli. Á það ekki síst við í ríkjum við Kyrrahafið og í Asíu. Þetta misrétti er hindrun í vegi ríkjanna í átt að jafnrétti, félagslegum stöðugleika og þróun þeirra að félagslegum jöfnuði. Þessi mismunun og misræmi í réttindum kvenna og karla hefur bein neikvæð áhrif á fátækt í ríkjum og á félagslegan auð ríkjanna. Konur sinna frekar vinnu sem er ekki launuð en undanfarin ár hefur fjöldi kvenna aukist til muna á vinnumarkaðinum í Asíu og við Kyrrahafið. Störfin sem konum bjóðast eru oft og tíðum mjög illa launuð (United Nations Development Programme, 2010). Fátækt og bág staða kvenna í þessum samfélögum hefur bein áhrif á fjölda barna sem gefin eru til ættleiðinga. Þar sem mikil fátækt og ójöfnuður ríkir eru konur og börn líklegust til að verða fyrir neikvæðum áhrifum þess (United Nations Development Programme, 2011). Á meðan þessi mismunur á stöðu og rétti kynjanna viðhelst verða ennþá til börn sem eru yfirgefin og lifa í fátækt.

Á Indlandi er við lýði erfðastéttakerfi (*e. caste system*) sem hefur vítæk áhrif á félagslega stöðu einstaklinga (Natrajan, 2005). Börn sem eru munaðarlaus á Indlandi, glíma við fötlun af einhverju tagi, eru orðin eldri og eru dekkri á hörund eða með fæðingarbletti eru ekki vinsæll kostur barnlausra einstaklinga á Indlandi. Umsækjendur á Indlandi kjósa frekar að ættleiða heilbrigð og ung börn. Það er mat hörðustu gagnrýnenda alþjóðlegra ættleiðinga í Indlandi að vestrænir kjörforeldrar geri visst gagn með því að losa indversk yfirvöld við börn sem eru talin óæðri og óæskileg (Howell, 2006). Segja má að indverskt samfélag einkennist af miklum félagslegum ójöfnuði þar sem bil milli ríkra og fátækra er mjög breitt og mismunandi félagsleg staða áberandi. Félagsleg staða ákvarðast meira en annars staðar af útliti þar sem erfðastéttakerfið ýtir undir mismunun á grundvelli húðlitar (Natrajan, 2005).

Möguleikar á mismunun á grundvelli stöðu eða kynferðis eru afar fjölbreyttir og hafa mikil áhrif á framboð á börnum til alþjóðlegrar ættleiðingar. Ættleiðingum á börnum sem eru skilgreind með sérþarfir hefur fjölgað gífurlega á síðustu árum en þær tvöfölduðust í Noregi á

árunum 2005-2009 (NOU, 2009). Hlutfall barna með sérþarfir í alþjóðlegum ættleiðingum frá Kína hefur vaxið úr 9% árið 2005 í 48,8% árið 2009 (HCCH, 2010-a).

Börnum eru tryggð ákveðin réttindi í alþjóðasamningum. Fátækt og mismunur sem byggist á kynferði eða stöðu eru aðal ástæður þess að börn eru gefin til alþjóðlegrar ættleiðingar. Fátæktin birtist í því að kynforeldrar hafa ekki efni á að ala önn fyrir börnum sínum, búa við misskiptingu auðs, valdleysi og takmarkaðan aðgang að menntun og heilsugæslu. Fátæktin eykur sömuleiðis hættu á misbeitingu og misskilningi sem verður til þess að kynforeldrar láta börn frá sér óafvitandi. Mismunur er einnig mikill áhrifaþáttur sem birtist fyrst og fremst í ójafnri stöðu karla og kvenna en er einnig grundvölluð á samfélagslegri stöðu eins og fötlun eða stöðu samkvæmt erfðastéttakerfi. Eftir að hafa skoðað áhrifaþætti alþjóðlegrar ættleiðinga, verður í næsta kafla farið yfir hvernig félagsráðgjafar koma að ættleiðingum.

7. Félagsráðgjafar og alþjóðlegar ættleiðingar

Félagsráðgjafar koma að ýmsum hliðum alþjóðlegra ættleiðinga. Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa kveða á um að félagsráðgjafar skuli virða réttindi hvernar manneskju og viðhaldi og endurnýi þekkingu sína (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Hér að neðan verður farið yfir með hvaða hætti félagsráðgjafar koma að alþjóðlegum ættleiðingum og hvernig verkefnum þeir sinna.

Samkvæmt 13. grein reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005 sjá félagsráðgjafar eða aðrir faglærðir aðilar um að rita greinargerð um aðstæður umsækjenda fyrir hönd barnaverndarnefnda. Þar er metið hvort ættleiðing verði barni fyrir bestu og tekur barnaverndarnefnd skýra afstöðu til þess hvort mælt verði með ættleiðingu eða ekki út frá greinargerðinni. Það er því mikilvægt að greinargerðin sé ítarleg og faglega unnin svo að hún endurspegli sem best aðstæður væntanlegra kjörforeldra. Félagsráðgjafinn þarf að vera meðvitaður um afstöðu sína og gæta þess að hafa faglega heildarsýn að leiðarljósi ásamt því að vinna á grundvelli gildandi laga, fyrirmæla og reglna (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Félagsráðgjafi sem vinnur að undirbúningi ættleiðinga ætti að hafa kenningu Rawls um réttlæti í huga og starfa með félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Hann þarf að vega og meta hvort að ættleiðing sé barni fyrir bestu ekki síst þegar kynforeldrar eru að velja þeim möguleika fyrir sér að gefa barn frá sér. Það er einnig sérstaklega mikilvægt að félagsráðgjafar, sem vinna að málum tengdum ættleiðingum, séu meðvitaðir um stöðu ættleiðingarmála í heiminum og afli sér gagngerrar þekkingar um þau.

Félagsráðgjafar sem starfa á vegum ISS hafa undanfarna áratugi unnið að því að gæta hagsmuna og réttinda barna í málum sem tengjast alþjóðlegum ættleiðingum (International Social Service, e.d.-a). Stöðug þróun í málefnum alþjóðlegra ættleiðinga hefur aukið kröfur á félagsráðgjafa sem þurfa að vera upplýstir um nýjustu þróun og breytingar í málaflokknum til að geta sinnt starfi sínu sem best (Flanagan, Fry, Naughton, Pickles og Selinske, 2001). Starfsemi ISS nær til um 140 landa og sérhæfa samtökin sig í að aðstoða einstaklinga, börn og fjölskyldur sem glíma við félagsleg vandamál sem tengjast tveimur löndum eða fleirum. Stór hluti þeirra mála sem ISS sinnir tengist flutningum einstaklinga á milli landa á einhvern hátt. Hægt er að leita til samtakanna hvort heldur sem flutningarnir eru af fúsum og frjálsum vilja eða ekki. Starfið felst meðal annars í lagalegri ráðgjöf, einstaklingsráðgjöf, handleiðslu, rannsóknum, greiningu og málsvarastarfi (International Social Service, e.d.-a). Samkvæmt ISS

felst hlutverk félagsráðgjafans til dæmis í því að aðstoða fjölskyldur við að taka viðeigandi og upplýsta ákvörðun. Sömuleiðis að aðstoða og hjálpa þeim við að finna bestu lausn á vanda þeirra í samræmi við það sem skjólstæðingum er fyrir bestu. Hið alþjóðlega umfang og fjölmennningarlega starf sem ISS vinnur tryggir öflugt tengslanet milli félagsþjónusta í mismunandi löndum, skilning og túlkun á mismunandi félagskerfum, lögum og reglum, menningu og hefðum. Þjónustan hefur því alla burði til að bjóða upp á nákvæma og yfirgripsmikla upplýsingagjöf til skjólstæðinga sinna (International Social Service, e.d.-b).

Á Íslandi starfaði félagsráðgjafi á vegum Íslenskrar ættleiðingar í nokkurn tíma en síðustu ár hefur þjónustan ekki verið í boði. Þjónustan fólst í því að einstaklingum sem voru í undirbúnings- og umsóknarferli ættleiðingar bauðst að sækja hópviðtöl einu sinni í mánuði. Þar gátu þeir sótt sér stuðning frá einstaklingum sem voru eða höfðu verið í sömu sporum (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Áhugi er fyrir því að taka þessa þjónustu upp aftur þegar fjárhagur leyfir, en ekki er vitað hvenær það verður mögulegt (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 4. október 2012).

8. Niðurstöður

Fjallað hefur verið um helstu málefni sem tengjast alþjóðlegum ættleiðingum og ástæður fyrir framboði og eftirspurn eftir börnum hér að framan. Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður ritgerðarinnar og þeim rannsóknarspurningum svarað sem lagt var upp með.

1. Hvaða ástæður liggja að baki því að umkomulausum og/eða vandalausum börnum eru fundin heimili í öðru landi en þau fæðast í?

Samkvæmt alþjóðasamningum skulu börn ekki vera ættleidd frá því landi sem þau fæðast í nema fullreynt hafi verið að finna kjörforeldra eða aðra ráðstöfun í upprunaríki. Börn sem eru alþjóðlega ættleidd eru ekki alltaf munaðarlaus en fátækt er stór þáttur sem hefur áhrif á ákvörðun kynforeldra um að gefa börn frá sér. Þar sem aðgengi að getnaðarvörnum og heilbrigðisþjónustu er takmarkað eignast fólk stundum fleiri börn en það getur alið önn fyrir og neyðist því til að gefa þau frá sér. Einnig geta alnæmi og aðrir sjúkdómar haft áhrif á ákvörðun kynforeldra. Afleiðingar sem sú ákvörðun hefur að koma barni fyrir á munaðarleysingjaheimili eða til alþjóðlegrar ættleiðingar er ekki alltaf ljós kynforeldrunum eins og dæmin sanna í Brasilíu og Eþíópíu. Ákvörðunin er því ekki alltaf upplýst og virðist stundum álitin tímabundin ráðstöfun af kynforeldrum.

Víða í ríkjum heimsins lifa konur við kynjamisrétti og hafa því ekki aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu og getnaðarvörnum. Sömuleiðis hafa þær ekki að öllu leyti yfirráð yfir eigin líkama. Staða kvenna í upprunaríkjum hefur því fjölbreytt áhrif á framboð barna til ættleiðinga. Þar sem fjölskyldustærðin er takmörkuð líkt og í Kína endurspeglast kynjamisrétti í óskum fólks um að eignast sveinbarn. Stúlkubörn eru því frekar yfirgefin og gefin til ættleiðinga en drengir.

Það er sammerkt með öllum þeim löndum sem ættleiða börn úr landi er að þar ríkir fátækt og mikill félagslegur ójöfnuður. Að sama skapi ríkir valdaójafnvægi milli viðtöku- og upprunaríkja. Upprunaríki þiggja greiðslur vegna umsýslu ættleiðinganna og geta því fjármunir haft áhrif á málefni ættleiðinga. Með auknu upplýsingaflæði, menntun, gagnrýni og hugsanlega þjóðernishyggju hefur viðhorf til ættleiðinga úr landi þróast innan sumra ríkja til fækkunar alþjóðlegra ættleiðinga. Stjórnmal og alþjóðaumræður spila einnig stórt hlutverk.

Fátækt og mismunur á grundvelli kynferðis eru þeir þættir sem vega þyngst í því að börn eru ættleidd úr fæðingarlandi sínu. Það er því ekki foreldraleysi sem er endilega hvati

alþjóðlegra ættleiðinga. Fleiri þættir hafa bein og óbein áhrif á þá staðreynd að börn eru ættleidd úr fæðingarlandi sínu, er þar helst að nefna átök, mismunun á grundvelli stöðu til dæmis vegna stéttaskiptingar og fötlunar, innanríkis- og milliríkjastjórnsmál, náttúruhamfarir og staða jafnréttismála. Eftirspurn eftir börnum kemur frá barnlausum einstaklingum sem koma frá löndum þar sem meiri velmegun ríkir. Því eru aðstæður í uppruna- og viðtökuríkjum afar ólík og ójöfn. Börn væru ekki ættleidd úr landi ef eftirspurn frá viðtökuríkjum væri ekki til staðar.

2. Hver eru helstu siðferðilegu álitafni sem tengjast alþjóðlegum ættleiðingum?

Eitt helsta siðferðilega álitafnið sem tengist alþjóðlegum ættleiðingum er sú staðreynd að mörg þeirra barna sem gefin eru til ættleiðingar eru ekki munaðarlaus og eiga jafnvel foreldra á lífi. Veruleg hætta er á að alþjóðlegar ættleiðingar þrífist á félasgslegu óréttlæti. Frumgæðum mannlegs samfélags er afar ójafnt skipt og bendir Hollingsworth, sem leggur út frá kenningu Rawls um réttlæti, á að vestrænar fjölskyldur hagnist hugsanlega á óréttlátri samfélagsgerð með alþjóðlegri ættleiðingu. Hollingsworth gagnrýnir meðal annars að fjölskyldurnar notfæri sér hugsanlega fátækt fjölskyldna í þróunarríkjum, útskúfun og höft vegna samfélagsgerðar, kúgun og mismunun vegna kynferðis og leggi blessun sína yfir óréttlætið með því að ættleiða börn sem eru fátæk eða eru fórnarlömb fyrrgreinds óréttlætis. Ef pólitískri rétthugsun er sleppt mætti segja sem svo að hagsmunir viðtöku- og upprunaríkja fari ekki endilega saman þegar litið er til framboðs og eftirspurnar á börnum til ættleiðingar. Við aukið jafnrétti og jöfnuð í upprunaríkjum minnkar þörf barna fyrir ættleiðingu.

Það er ekki síður stórt siðferðilegt álitamál þegar börn eru yfirgefin vegna þess að þau fæðast sem stúlkur í ríki þar sem óskir foreldra um að eignast drengi eru ríkjandi. Hugafarskenningar gera ráð fyrir því að samfélög séu byggð upp á grundvelli óska og væntinga almennings. Uppbygging bandarískrar samfélagsgerðar gerir það að verkum að bilið milli ríkra og fátækra er þar breiðara en víðast gerist á Vesturlöndum. Þar eru fleiri börn gefin til innlendrar ættleiðingar en annars staðar í vestrænum ríkjum. Á sama hátt endurspeglar framboð kínverskra stúlkubarna til ættleiðingar samfélagsgerð og stefnu stjórnvalda í Kína. Við ættleiðingar er ekki tekin afstaða til þess hvort samfélagsgerð sem ýtir undir framboð á börnum til ættleiðingar er rétt eða röng heldur virðist sem beitt sé menningarlegri afstæðishyggju og litið svo á sem þetta framboð sé afsprengi menningarinnar. Hugafarskenningar vekja spurningar um óumflýjanleika þess að bilið milli

fátækra og ríkra er breitt og fer breikkandi innan samfélaga og milli þeirra fátæku og ríku í heiminum. Á sama hátt vekur kenningin um menningarlega afstæðishyggju spurningar um óumflýjanleika þess að sumum börnum er hafnað á grundvelli kynferðis, stöðu eða fötlunar. Rawls myndi seint leggja blessun sína yfir þær skýringar og réttlætningar sem tíundaðar eru hér að framan þar sem þær endurspegla óréttlæti og mismunun.

Í kenningunni um siðferði án hroka er lögð áhersla á mikilvægi þess að meta hagsmuni allra jafnt. Svo virðist sem það vinnulag hafi ekki alltaf verið haft að leiðarljósi í ættleiðingarmálum og sanna dæmin um flutning grænlenkra og finnskra barna frá foreldrum sínum að þrátt fyrir góðan ásetning höfðu þessar ráðstafanir víðtæk neikvæð áhrif á líf sumra barnanna. Við ákvarðanatöku í ættleiðingarmáli hinnar eþíópísku Masho voru alþjóðasamningar þverbrotnir og aðilar nutu ekki jafnræðis í ættleiðingarferlinu. Danmörk er þróað ríki sem státar sig af félagslegu réttlæti og fylgni við lög og reglur. Því kemur málsmeðferð þessi mjög á óvart og sýnir að auka þarf eftirlit með fylgni við alþjóðasamninga og gera eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra ættleiðinga skilvirkara. Félagsráðgjafar gætu haft mikilvægu hlutverki að gegna í því starfi.

Alþjóðleg ættleiðing býður upp á mikilvægt úrræði fyrir börn sem hafa ekki tækifæri á að alast upp hjá fjölskyldu í heimalandi sínu en það er eitt þeirra réttinda sem tryggð eru börnum í Barnasáttmálanum. Samkvæmt Haagsamningnum verður þó að vera fyrir hendi fullvissa um að enginn hafi fjárhagslegan eða annan ávinning af ættleiðingunni og eins vissu um að úrræði í upprunaríkinu hafi verið fullreynd. Mansal, brottmál, sala á börnum og ófagleg vinnubrögð sem í dag tengjast dökkum hliðum alþjóðlegra ættleiðinga eru með öllu óviðunandi að viðgangist.

Ættleiðingarferli milli landa og menningarheima endurspegla flókinn veruleika sem taka þarf tillit til um leið og tryggð eru réttindi barna og hagsmunir þeirra hafðir að leiðarljósi. Ekki er fyrirséð að til skemmri tíma verði hagsmunum barna betur borgið með því að stöðva alþjóðlegar ættleiðingar. Þau vandamál og siðferðilegu álitaefni sem eftir standa um mat á ættleiðingum þarfnast lengri tíma. Útrýming fátæktar og jöfnun réttinda kynjanna hefur lengi verið á stefnuskrá Sameinuðu þjóðanna og sýnir reynslan að langan tíma muni taka að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Útópían um félagslegt réttlæti er enn lengra undan og ólíklegt að slíku réttlæti verði náð þó svo að hugmyndin nýtist vel sem vinnutæki í höndum félagsráðgjafa. Heimsbyggðin á langt í land í þeirri viðleitni sumra að gera heiminn að

réttlátum stað. Aðstæður barna sem fæðast í heiminum eru mismunandi og börnum sem þess þurfa verður áfram betur borgið með alþjóðlegri ættleiðingu.

Umræður

Í dag er fjöldi barna sem þarfnast fjölskyldu, ástar, hlýju og skilnings og eins er fjöldi barnlausra einstaklinga sem óska eftir að ættleiða. Börn eiga samkvæmt alþjóðasamningum rétt á að alast upp í fjölskylduumhverfi en munu ekki gera það nema til komi alþjóðlegar ættleiðingar eða önnur sértæk úrræði. Alþjóðlegar ættleiðingar reyna á samskipti margra aðila og stofnanna og snerta líf fjölda einstaklinga beint. Það er hægt að velta því fyrir sér hvernig alþjóðasamningar geti á skilvirkari hátt stuðlað að því að aðildarríki fari eftir þeim. Meðal annars til að koma í veg fyrir að spilað sé með líf barnanna til að vinna að eiginhagsmunum embættismanna eða í pólitískum tilgangi. Aðaláherslan ætti alltaf að vera á velferð barnanna þegar teknar eru ákvarðanir um líf þeirra og að mínu mati er það sérstaklega mikilvægt þar sem börn hafa ekki þroska né skilning til að gæta hagsmuna sinna sjálf. Ég tel að félagsráðgjafar hafi mikilvægu hlutverki að gegna sem málsvavar þeirra sem geta ekki gætt að réttindum sínum sjálfir. Félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar hafa veigamiklu hlutverki að gegna á öllum stigum ættleiðinga og á það við hvort sem um er að ræða ættleiðingar innanlands eða á milli landa. Líkt og rakið var í ritgerðinni vakna fjölmörg siðferðileg álitamál um alþjóðlegar ættleiðingar og er mat á hagsmunum þeirra aðila sem koma að ættleiðingarferlinu alltaf háð menningarlegu gildismati. Viðmið uppruna- og viðtökuríkja eru því gífurlega ólík, og allt að því ósamræmanleg. Í ritgerðinni kom fram að í raun vanmeta upprunaríki þörf barna fyrir ættleiðingu.

Jákvæð ímynd ættleiðinga byggist á því að verið sé að ættleiða börn sem eiga ekki neinn að. Samkvæmt henni er verið að bjarga börnum frá því að vera munaðarlaus. Líkt og sýnt hefur verið fram á er foreldraleysi ekki ein megin ástæða ættleiðinga. Þar með er ekki verið að segja að best sé fyrir börnin að alast upp hjá kynforeldrum enda veltur það á aðstæðum hverju sinni. Börn ættu að hafa rétt til þess að alast upp í umhverfi þar sem nærveru þeirra er óskað. Þess eru dæmi að ættleiddu börnin uppfylla ekki þær væntingar sem kjörforeldrar hafa gert til þeirra og getur það haft ófyrirséðar afleiðingar eins og í dæminu um eþíópísku stúlkuna sem ættleidd var til Danmerkur og aðlagðist ekki vel. Ólíklegt er að þetta tilfelli sé einsdæmi um barn sem ólst upp hjá kynforeldrum fyrstu æviárin en endaði á stofnun í viðtökuríkinu. Þetta vekur spurningar um það hvort væntingar kjörforeldra til kjörbarna séu í öllum tilvikum raunhæfar. Í mörgum tilfellum hafa aðstæður kjörbarna verið erfiðar jafnvel langtímadvöl á munaðarleysingjaheimili. Einstaklingar sem

hafa beðið árum saman eftir að verða foreldrar hafa væntanlega miklar væntingar um foreldrahlutverkið. Ég tel að væntingar til óskabarna hljóti að vera margvíslegar, sennilega jafn fjölbreytilegar og fólk er margt. Í sumum tilvikum geta þær verið það miklar að börnin standast þær ekki þegar til kastanna kemur.

Við ritun ritgerðarinnar varð sú spurning áleitin hvort það að eignast barn sé eins og hver önnur mannréttindi og hvort allir sem óska þess að verða foreldrar ættu að fá þann draum uppfylltan? Barnlausir einstaklingar geta átt drauma og þrár um að eignast börn og leita því ef til vill til alþjóðlegra ættleiðinga. Það eru fjölmargar hliðar á ættleiðingu en sú sem er hvað mest áberandi í almennri umræðu er hlið barnlausu einstaklinganna. Þegar litið er til þeirra aðila sem koma að alþjóðlegri ættleiðingu kemur þetta ekki á óvart því þessi hópur er félagslega sterkastur og hefur hvað mestu úrræðin til að koma sjónarmiðum á framfæri. Sjónarhorn kynforeldranna og ástæður fyrir því að þeir gefa börnin frá sér eru að mínu mati ekki tekin nægilega til umfjöllunar. Ég tel að umfjöllun um alþjóðlegar ættleiðingar mætti vera meiri og er viðfangsefnið að vissu leyti óþægður akur. Skoða mætti nánar aðstæður í upprunaríkjum, leita sjónarmiða kynforeldra og opna umræðu um siðferðileg álitaefni sem tengjast alþjóðlegum ættleiðingum. Sú umræða er að mörgu leyti nátengd umræðunni um staðgöngumæðrun enda mörg álitamál hin sömu í þeirri umræðu. Siðferðileg álitaefni er tengjast valdamisræmi, félagslegu réttlæti og mismunandi stöðu kynjanna þurfa öll að vera uppi á borði og allir aðilar að eiga þar rödd.

Þetta verkefni vakti mig til enn frekari umhugsunar um stöðu kvenna í fátækari ríkjum heims og velti upp spurningunni hversu mikið líf þeirra hefur áhrif á fjölda barna sem er í boði til ættleiðingar. Sú upplifun kvenna í fátækari ríkjum sem hefur verið lýst að framan um að þeim finnist þær og börn þeirra vera söluvara fyrir efnaða einstaklinga bendir til þess að konunum þyki sem verið sé að nýta sér neyð þeirra. Þetta endurspeglar jafnframt bága stöðu kvenna. Væri ekki siðferðilega réttara að aðstoða konur í fátækari ríkjum að öðlast vald á eigin lífi og stuðla að jafnari stöðu kynjanna? Tryggja þyrfti konum og körlum aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun, atvinnu og getnaðarvörnum til að stjórna fjölskyldustærð sinni líkt og einstaklingar í vestrænum ríkjum telja sjálfsagt. Þróun jafnréttismála þokast víðast hvar í þá átt að konur hafi jafnari tækifæri á við karla en það gerist hægt. Auk þess eru viðhorf gagnvart einstæðum foreldrum og til barneigna utan hjónabands að breytast til batnaðar. Það hefur einnig orðið vitundarvakning um þær hættur sem fylgja ættleiðingum barna frá stríðshrjáðum ríkjum og náttúruhamfara svæðum og tillit tekið til áhættuþátta við

vinnslu ættleiðingarmála. Það er einungis spurning hversu langt þokast í jafnréttismálum, hvaða áhrif það hefur á börn og hve langan tíma tekur að koma á jöfnuði.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir þeim viðhorfum sem eru ríkjandi í Indlandi um að börn sem eru með dekkri húðlit eru álitin óæskilegri. Fötluð börn eru einnig hugsanlega álitin íþyngjandi í fátækum fjölskyldum þar sem börn eru mörg. Það kom mér einnig á óvart hversu útbreidd sú ósk er að eignast sveinbörn líkt og tíðkast í Indlandi, Kína og víðar og það ójafnvægi sem skapast við þessa þróun sem hefur verið langvarandi. Þeir sem eru tilbúnir að ættleiða börn sem eru útskúfuð í upprunaríki geta veitt þeim tækifæri til að vaxa og þroskast við ást og skilning hjá einstaklingum sem þrá að eignast barn.

Það kom sömuleiðis á óvart hversu samtengd stjórnmál og ættleiðingar eru. Undanfarnar vikur hafa ráðamenn í Rússlandi sett bann við ættleiðingum til Bandaríkjanna að því er virðist eingöngu til að vernda þjóðarstolt sitt. Sú ákvörðun virðist ekki tengjast velferð barnanna á nokkurn hátt og er frekar verið að nota börn sem peð í valdatafli ríkjanna. Sagan sýnir að yfirvöld og óprúttnir aðilar hafa og munu áfram nýta sér neyð barna sér til framdráttar og nota til þess gloppur í löggjöf og eftirliti. Ein leið til að sporna við hvers konar misnotkun að mínu mati er að vanda skráningu allra gagna er varða ættleiðingarferlið. Með því næst visst aðhald og yfirsýn fæst yfir fjölda barna og það hvort þörf fyrir alþjóðlega ættleiðingu sé raunverulega til staðar.

Það er mikilvægt að líta til og læra af þeirri reynslu sem fengist hefur af ættleiðingum og öðrum flutningum barna milli landa. Flutningur barnanna frá Finnlandi og Grænlandi var afdrifaríkur og þó að hugurinn á bak við flutningana hafi verið góður þá sanna dæmin það að börnin tóku með sér slæma reynslu af aðskilnaði við kynforeldra sína, aðstæður sem þau ólust upp í og þekktu. Danmörk er land sem er okkur nærri í menningarlegu tilliti, við eigum auðvelt að samsama okkur við og lítum til á margan hátt. Dæmið um ferli og afleiðingar ættleiðingar Masho situr í mér og ég velti því fyrir mér hversu mörg svona tilfelli eru til. Spurningin um félagslegt réttlæti er einnig áleitin og ég velti fyrir mér hvað hefði verið gert fyrir dönsku foreldrarna ef þeir hefðu verið alnæmissmitaðir. Það hefði líklegast ekki verið þrýst á þau að gefa börnin frá sér þar sem að í Danmörku er betra aðgengi að lyfjum og heilbrigðisþjónustu en í Eþíópíu. Það er því að vissu leyti verið að samþykkja félagslegt óréttlæti þegar þarfir og draumar kjörforeldra á Vesturlöndum eru uppfylltir á kostnað fólks sem fæðist í upprunaríkjum. Eins er verið að samþykkja það menningarlega ákvarðaða mat að börn fái innihaldsríkara og betra líf á einum stað en öðrum í heiminum. Það er sömuleiðis

hugvekjandi að Danmörk skuli vera aðili að þessu máli mörgum áratugum eftir flutninga grænlenku barnanna til Danmerkur. Svo virðist sem lítill lærdómur hafi skilað sér frá þeim flutningum. Þessi dæmi frá Danmörku vekja spurningar um hver beri endanlega ábyrgð á velferð barna sem eru umkomu- eða vandalaus.

Að mínu mati ættu alþjóðlegar ættleiðingar að vera í boði sem úrræði eins lengi og það sé sannanlega barni fyrir bestu að vera ættleitt. Barnið fær þá að alast upp hjá fjölskyldu sem þráir það og hafði mikið fyrir því að eignast það. Einnig er þörf á úrræðinu eins lengi og upprunaríki hafa ekki sjálf tök á því að koma börnunum fyrir hjá ástríkum fjölskyldum innanlands.

Heimildaskrá

- Adoption og samfund. (2012, nóvember). *Adoptionens pris – pressemeddelelse fra Adoption og samfund*. Sótt 7. desember 2012 af adoption.dk/aogssys/wp-content/uploads/2012/11/Adoptionens-pris1.pdf.
- Altstein, H. og Simon, R. J. (1991). *Intercountry adoption: a multinational perspective*. Praeger Publisher: New York.
- Bartholet, E. (2005). International adoption. Í L. Askeland (ritstjóri), *Children and youth in adoption, orphanages, and foster care* (bls. 107-131). Westport: Greenwood Publishing Group Inc.
- Bartholet, E. (2007). International adoption: Thoughts on the human rights issues [rafræn útgáfa]. *Buffalo Human Rights Law Review*, 13, 151-203.
- Biblían. (2010). Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag og JPV útgáfa.
- Bunkers, K. M., Gamer, G. N. og Groza, V. K. (2011, 11. desember). VII. Ideal components and current characteristics of alternative care options for children outside of parental care in low-resource countries [rafræn útgáfa]. *Monographs of the Society for Research in Child Development*, 76(4), 163-189.
- Cash, S. J., Goza, V. og Ryan, S. (2003). Institutionalization, behavior and international adoption: Predictors of behavior problems [rafræn útgáfa]. *Journal of Immigrant Health*, 5, 5-17.
- CCAA. (2007, nóvember). *Is there any age limit for foreign adoption applicants?* Sótt 6. desember 2012 af http://www.china-ccaa.org/site%5Cinfocontent%5CSWSY_20051012014446484_en.htm.
- Charnley, H. (2000). Children separated from their families in the Mozambique war. Í C. Panter-Brick og M. T. Smith (ritstjórar), *Abandoned children* (bls. 111-130). Cambridge: Cambridge University Press.
- Childinfo. (2012, nóvember). *Statistic by area – HIV/AIDS – Global and regional trends*. Sótt 30. nóvember 2012 af http://www.childinfo.org/hiv_aids.html.
- DanAdopt. (2012). *Hjemtagelser 2011*. Sótt 7. desember 2012 af <http://www.danadopt.dk/Adoption/Statistik.aspx>.

- DR.DK. (2012, 26. nóvember). *Politisk forargelse over adoptionssag*. Sótt 7. desember 2012 af <http://www.dr.dk/Nyheder/Politik/2012/11/26/212710.htm>.
- Ericsson, K. (2009). *Samfunnets stebarn*. Osló: Universitetsforlaget.
- Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2006). *Introduction to social work*. (10. útgáfa). Boston: Pearsons/Allyn and Bacon.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 8. desember 2012 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Fisher, A. P. (2003). Still "not quite as good as having your own"? Toward a sociology of adoption [rafræn útgáfa]. *Annual Review of Sociology*, 29, 335-361.
- Flanagan, K., Fry, P., Naughton, D., Pickles, A. og Selinske, J. (2001). Ensuring the best interest of the child in intercountry adoption practice: Case studies from the United Kingdom and the United States [rafræn útgáfa]. *Child Welfare*, 80(5), 656-667.
- Fridthjof Film Doc (framleiðandi) og Kjær, K. W. (leikstjóri). (2012). *Adoptionens pris* [heimildarmynd]. TV2: Denmark. Sótt 28. nóvember 2012 af <http://play.tv2.dk/tv/dokumentar/adoptionens-pris/er-handel-med-boern-blevet-en-industri-60692/>.
- Hagstofa Íslands. (2011). *Ættleiðingar eftir gerð ættleiðingar og fæðingarlandi 1990-2011*. Sótt 23. október 2012 af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN07502%26ti=%C6ttlei%F0ingar+eftir+ger%F0+%E6ttlei%F0ingar+og+f%E6%F0ingarlandi+1990%2D2011++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Fjolskyldan/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>. Valið: Frumættleiðingar - útlönd alls og árin 1990–2011.
- HCCH. (2012). *Status table*. Sótt 1. desember 2012 af http://www.hcch.net/index_en.php?act=conventions.status&cid=69.
- HCCH. (2010, apríl-a). *Annual adoption statistics forms*. Sótt 12. desember 2012 af http://www.hcch.net/index_en.php?act=publications.details&pid=5158&dtid=32.
- HCCH. (2010, júní-b). *The Grey Zones of Intercountry Adoption*. Sótt 21. desember 2012 af www.hcch.net/upload/wop/adop2010_info6e.pdf.
- Hollingsworth, L. D. (2003). International adoption among families in the United States: Considerations of social justice [rafræn útgáfa]. *Social Work*, 48(2), 209-217.
- Howell, S. (2006). *The kinning of foreigners. Transnational adoption in a global perspective*. New York: Berghahn Books.

- Hrefna Friðriksdóttir. (2009). Samningur um réttindi barnsins. Í Björg Thorarensen (ritstjóri), *Mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt* (bls. 289-338). Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Mannréttindastofnun HÍ.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011, mars). *Ættleiðingar á Íslandi – í þágu hagsmuna barns*. Sótt 12. febrúar 2012 af www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/aettleiðingar_15.03.11.pdf.
- Innanríkisráðuneytið. (2009, mars). *Upplýsingar um ættleiðingar og ættleiðingarfélög*. Sótt 1. desember 2012 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleiðingar/upplýsingar/nr/6716>.
- International Social Service. (e.d.-a). *Welcome to ISS*. Sótt 5. desember 2012 af <http://www.iss-ssi.org/2009/index.php?id=1>.
- International Social Service. (e.d.-b). *ISS/Casework*. Sótt 5. desember 2012 af <http://www.iss-ssi.org/2009/index.php?id=9>.
- Jensen, N. R. (2008, nóvember). *Between paternalism and indifference*. Sótt 3. desember 2012 af <http://www.socmag.net/?p=423>.
- Leeuwen, M. V. (1999). The politics of adoptions across borders: Whose interests are served? (A look at the emerging market of infants from China) [rafræn útgáfa]. *Pacific Rim Law and Policy Journal*, 8(1), 189-218.
- Lög um ættleiðingar* nr. 130/1999 með áorðnum breytingum 65/2006, 69/2006, 143/2006, 51/2008, 65/2010, 162/2010 og 126/2011.
- Natrajan, B. (2005). Caste, class, and community in India: An ethnographic approach [rafræn útgáfa]. *Ethnology*, 44(3), 227-241.
- Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of families*. (2. útgáfa). Thousand Oaks: Pine Forge Press.
- NOU. (2009). *Adopsjon – til barnets beste: En utredning om de mange ulike sidene ved adopsjon*. Sótt 29. nóvember 2012 af www.regjeringen.no/pages/2248453/PDFS/NOU200920090021000DDDPDFS.pdf.
- Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights. (e.d.-a). *Convention on the Rights of the Child*. Sótt 20. desember 2012 af <http://www2.ohchr.org/english/law/crc.htm>.

- Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights. (e.d.-b). *Optional Protocol to the Convention on the Rights of the Child on the sale of children, child prostitution and child pornography*. Sótt 20. desember 2012 af <http://www2.ohchr.org/english/law/crc-sale.htm>.
- Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights. (e.d.-c). *Committee on the Rights of the Child*. Sótt 20. desember 2012 af <http://www2.ohchr.org/english/bodies/crc/>.
- Rachels, J. (1997). *Stefnur og straumar í siðfræði*. (Jón Á. Kalmansson þýddi). Reykjavík: Siðfræðistofnun/Háskólaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1986).
- Rawls, J. (1999). *A theory of justice*. Oxford: Oxford University Press.
- Reglugerð um ættleiðingar* nr. 238/2005.
- Reuters. (2012, desember). *Putin signs ban on U.S. adoptions of Russian children*. Sótt 28. desember 2012 af <http://www.reuters.com/article/2012/12/28/us-russia-usa-adoptions-putin-idUSBRE8BQ06K20121228>.
- Riley, N. E. (1997). American adoption of Chinese girls: The socio-political matrices of individual decisions [rafræn útgáfa]. *Women's Studies International Forum*, 20, 87-102.
- Roby, J. L. og Shaw, S. A. (2006). The African orphan crisis and international adoption [rafræn útgáfa]. *Social Work*, 53(3), 199-210.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 18/1992.
- Selman, P. (2002). Intercountry adoption in the new millennium; the "quiet migration" revisited [rafræn útgáfa]. *Population Research and Policy Review*, 21(3), 205-225.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldarhvorf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn. Ættleiðingar á Íslandi*. Reykjavík: Salka.
- Snorrastofa. (e.d.). *Ævi og störf Snorra Sturlusonar eftir Jónas Kristjánsson*. Sótt 5. desember 2012 af http://www.snorrastofa.is/default.asp?sid_id=21105&tId=1&Tre_Rod=001|009|001|&qsr.
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin. Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins og Háskólaútgáfan.

- Time. (2012, 20. desember). *Why has Moscow Passed a Bill to Ban U.S. Adoption of Russian Orphans?* Sótt 23. desember 2012 af <http://world.time.com/2012/12/20/why-has-moscow-passed-a-law-to-ban-u-s-adoption-of-russian-orphans/>.
- UNICEF. (2012, maí). *Our history*. Sótt 7. desember 2012 af http://www.unicef.org/about/who/index_history.html.
- UNICEF. (2010, júlí). *UNICEF's position on Inter-country adoption*. Sótt 7. desember 2012 af http://www.unicef.org/media/media_41918.html
- United Nations. (2009). *Child Adoption: Trends and Policies*. New York: Höfundur.
- United Nations. (2003). *General comment No. 5*. Sótt 20. desember 2012 af <http://daccess-ods.un.org/TMP/1399089.99204636.html>.
- United Nations development programme. (2010). *Power, Voices, and Rights. A Turning Point for Gender Equality in Asia and the Pacific*. Haryana: Macmillan Publishers India Ltd.
- United Nations development programme. (2011). *Beyond Transition Towards Inclusive Societies*. Valeur: Höfundur.
- Þingskjal 939. (1998-1999). Tillaga til þingsályktunar um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. *Alþingistíðindi A-deild*, sótt 27. nóvember 2012 af <http://www.althingi.is/altext/123/s/0939.html>.
- Þingskjal 68. (1999-2000). Frumvarp til laga um ættleiðingar. *Alþingistíðindi A-deild*, sótt 27. nóvember 2012 af <http://www.althingi.is/altext/125/s/0068.html>.
- Þorsteinn Gylfason. (1984). Hvað er réttlæti? Handa Halldóri Laxness áttatræðum. *Skírnir*, 158, 159-222.